



Áhrif skilnaðar á börn

Hvað er barninu fyrir bestu eftir að skilnaður hefur átt sér stað?

Hugrún Árnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Áhrif skilnaðar á börn

Hvað er barninu fyrir bestu eftir að skilnaður hefur átt sér stað?

Hugrún Árnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Guðrún Valsdóttir

Menntavísindasvið

Háskóla Íslands

Febrúar 2017

Áhrif skilnaðar á börn

Hvað er barninu fyrir bestu eftir að skilnaður hefur átt sér stað?

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Hugrún Árnadóttir 2017

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs

Reykjavík, 2017

Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Leitast verður við að kanna hver áhrif skilnaðar eru á börn og hvað þeim er fyrir bestu eftir að skilnaður hefur átt sér stað. Þær margvíslegu rannsóknir sem skoðaðar voru við skrif þessarar ritgerðar benda til þess að skilnaður er almennt erfiður fyrir börn. Slík reynsla getur haft verulegar afleiðingar í för með sér en leitt hefur verið í ljós að meiri líkur eru á að skilnaðarbörn glími við félagslega-, sálræna-, hegðunar- eða námsörðugleika. Íslenskar sem og norrænar rannsóknir hafa sýnt fram á að ákveðnar aðferðir geti stuðlað að betri aðlögun barna að nýjum aðstæðum og komið þannig að einhverju leiti í veg fyrir fyrrgreinda örðugleika. Það sem hefur hvað mest áhrif á börn eru þær breytingar sem skilnaðurinn hefur í för með sér, en ef foreldrar vinna vel saman eru meiri líkur á því að skilnaðurinn hafi ekki eins neikvæð áhrif. Tilgangur ritgerðar er að varpa ljósi á hver áhrif skilnaðar eru á börn og velta upp þeim leiðum sem mögulega gætu takmarkað neikvæð áhrif. Flestar niðurstöður benda til þess að svo hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaða þurfi að vinna með nokkra lykilþætti. Í fyrsta lagi er mikilvægt að foreldrar hafi hagsmuni barnanna að leiðarljósi við ákvörðunartökur. Í öðru lagi verða foreldrar að leggja deilumál sín til hliðar í návist barna sinna, og ávallt tala vel til og um hitt foreldrið. Þannig geta þeir náð samvinnugrundvelli sem nauðsynlegur er til að vinna að sameiginlegum markmiðum í málefnum barna sinna, komið á og framfylgt reglulegum umgengnisrétti og jafnvel í bestu tilvikum deilt með sér forsjá. Það getur líka skipt máli að foreldrar sjái til þess að breytingar eins og flutningar milli hverfa séu í lágmarki, að börnin geti haldið áfram í sama skóla og að fjarlægð á milli foreldrahúsa sé ekki meiri en svo að auðvelt sé fyrir börn að eiga samverustundir með báðum foreldrum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Ástæður og tíðni skilnaða	7
3	Fjölskyldugerðir	11
3.1	Einstæðir foreldrar	12
3.2	Stjúpfjölskyldur.....	13
3.2.1	Stjúpforeldri	13
3.2.2	Stjúpsystkini.....	14
3.1.3	Farsælar leiðir til að mynda tengsl stjúpfjölskyldu	15
4	Almennt um áhrif skilnaðar á börn	17
4.1	Mismunandi viðbrögð eftir aldri barna	18
4.2	Andlegt ástand í kjölfar skilnaðar	20
4.3	Börn sem stuðningsnet foreldra	21
4.4	Hvernig er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar?	22
4.5	Langtímaáhrif skilnaða á samband barna við foreldra sína	22
5	Búsetuform	25
5.1	Lög um forsjá og búsetu barna.....	26
5.2	Samræður og samningagerð um samvistir	28
5.3	Jöfn búseta.....	29
5.4	Barnalög á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd.....	31
6	Samantekt og niðurstöður	33
7	Lokaorð	35
8	Heimildaskrá	37

Myndaská

Mynd 1 Lögskilnaðir á hverja 1000 íbúa (Nation Master, 2011–2012).....	8
Mynd 2 Lögskilnaðir eftir lengd hjónabands 1961-2010 (Hagstofa Íslands, 2011).	9
Mynd 3 Skilnaðir og fjöldi barna við skilnað 1961-2011 (Hagstofa Íslands, 2012).....	10
Mynd 4 Forsjá barna eftir skilnað 1961-2011 (Hagstofa Íslands, 2012).	25

1 Inngangur

Skilnuðum hefur fjölgað mikið í nútímasamfélagi. Samfara þessari þróun upplifir mikill fjöldi barna skilnað foreldra sinna ár hvert (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Mikið álag og streita getur fylgt skilnaði þar sem miklar breytingar eiga sér stað í kjölfarið og þurfa bæði börn og foreldrar að aðlagast nýjum aðstæðum. Það getur reynst erfitt þar sem fjölskyldumeðlimir takast á sama tíma á við sorg og andlega vanlíðan. Í kjölfar skilnaða hafa börn takmarkaðri tími en áður með hvoru foreldri, flutningar verða almennt tíðari og oft verða breytingar á tekjum heimilisins, þar sem tekjur voru áður tvöfaldar á einu heimili en í kjölfar skilnaðar eru einfaldar tekjur á heimili. Breytingar eins og þessar geta haft mikil áhrif á félagslega og andlega líðan barna, bæði þegar litið er til skemmri og lengri tíma (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Með ritgerð þessari verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. *Hvaða áhrif getur skilnaður haft á börn og ungmenni?*
2. *Hvaða leiðir virka best til þess að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar?*

Umfjöllun um fyrri spurningu verður skipt í tvennt. Annars vegar verður leitast við að fjalla um spurninguna frá sálfræðilegu sjónarhorni og hins vegar frá félagslegu sjónarhorni. Fyrst verður fjallað um helstu ástæður þess að skilnaðir eiga sér stað og tíðni skilnaða, bæði hérlendis sem og á öðrum Norðurlöndum. Sú umfjöllun er til þess að varpa ljósi á algengi skilnaða og fjölda þeirra barna sem upplifa skilnað foreldra ár hvert. Fjallað verður um ólíkar fjölskyldugerðir, m.a. stjúp-fjölskyldur þar sem algengt er að foreldrar hefja nýtt samband eftir skilnað sem þýðir að barnið eignast stjúpforeldri. Skoðað verður hvaða áhrif þær breytingar geta haft í för með sér á börn. Seinni spurningu verður svarað í seinni hluta ritgerðar og þá fjallað sérstaklega um hvort aldur barnanna skipti máli fyrir þau áhrif sem skilnaður hefur á þau, einnig áhrif skilnaðar á andlegt ástand barna og langtímaáhrif skilnaðar á sambönd barna við foreldra sína. Fjallað verður almennt um hvað hægt sé að gera til þess að draga úr þessum neikvæðu áhrifum. Að lokum verður fjallað um búsetuform barna eftir skilnað þar sem það virðist skipta miklu máli fyrir velferð þeirra, einnig verður fjallað um lög um forsjá og búsetu barna, bæði hér á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum til viðmiðunar, og um samræður og samningagerð um samvistir.

2 Ástæður og tíðni skilnaða


Í þessum kafla verður fjallað um helstu ástæður skilnaða ásamt ástæðum fyrir aukinni tíðni skilnaða á síðustu áratugum. Lögð verður áhersla á íslenskar rannsóknir en rannsóknir frá öðrum Norðurlandum hafðar til hliðsjónar. Síðastliðin 30 ár hefur afstaða til skilnaðar breyst mikið, auðveldara virðist vera fyrir fólk að skilja og telur fólk betra að skilja en að halda áfram í slæmu sambandi, sérstaklega þegar börn eru inní myndinni (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007).

Orsakir skilnaða í nútímasamfélagi geta verið mismunandi og má rekja til bæði innri og ytri áhrifaþátta. Ytri áhrifaþættir eru til dæmis breyttir atvinnuhættir og lífshættir sem geta haft áhrif á breytt viðhorf og gildi. Dæmi um ytri áhrif er þegar konur fóru að vinna utan heimilis í ríkari mæli þá jókst sjálfstæði þeirra. Þær fóru að afla tekna sjálfar og þurftu þar af leiðandi ekki að reiða sig á tekjur eiginmanna sinna. Má leiða líkum að því að slíkt sjálfstæði hafi veitt konum rödd og tækifæri sem þær höfðu ekki áður til þess að standa á eigin fótum og í upphafi gefið konum kjark til að fara úr óhamingjusömum hjónaböndum. Innri áhrifaþættir geta aftur á móti snert þarfir hvers og eins til dæmis þegar lítill áhugi er fyrir sameiginlegri ákvarðanatöku, lítil samskipti og tilfinningar dofna. Einnig getur framhjáhald, almenn vanvirðing, þroski og lífsreynsla haft áhrif á ákvörðun um skilnað. (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013; Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Tíðni skilnaða í vestrænum ríkjum hefur þróast með svipuðum hætti. Upp úr 1970 fór að bera á fjölgun skilnaða á Norðurlöndum. Í Bandaríkjunum jókst einnig hlutfall skilnaða til muna og er nú talið að þar endi 50% skráðra hjónabanda með skilnaði en á bilinu 44 – 47% í Danmörku, Noregi, Svíðjóð og Finnlandi. Þróun skilnaða á Íslandi er svipuð og í nágrannalöndum. Hlutfall hjónabanda sem enda með skilnaði á Íslandi hefur verið á bilinu 30 – 40% síðastliðna tvo áratugi. (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Meðalfjöldi lögskilnaða hefur aukist frá upphafi skráningar í um 550 á ári (meðaltal 2006–2011) og sambúðarslit eru um 1200 – 1300 talsins á ári hverju. Er því heildarfjöldi lögskilnaða og sambúðarslita um 1700 – 1900 á ári (Hagstofa Íslands, 2011). Þessar tölur gefa til kynna að skilnaðartíðni er sífellt að aukast sem leiðir til þess að fleiri börn upplifi skilnað foreldra.

Sé horft til fjölda skilnaða á hverja 1000 íbúa má sjá töluverðan mun milli Norðurlandanna, sjá mynd 1.

Skilnaðir á hverja 1000 íbúa




Mynd 1 Lögskilnaðir á hverja 1000 íbúa (Nation Master, 2011–2012).

Samanborið við hin Norðurlöndin er skilnaðartíðni hér á landi mun lægri. Í Danmörku er skilnaðartíðni hæst af Norðurlöndunum, en þar eru rétt tæplega þrír skilnaðir á hverja 1.000 íbúa. Ekki eru meðtalin sambandslit para sem hvorki hafa verið í hjónabandi né í skráðri sambúð.

Fjöldi skilnaða á hverja 1.000 íbúa gefur samt ekki mynd af varanleika hjónabands. Erfitt er að leggja mat á hlutfall hjónabanda sem enda með skilnaði, en sú aðferð sem helst er notuð er að meta uppsafnað skilnaðarhlutfall eftir lengd hjónabands á því ári sem miðað er við (Hagstofa Íslands, 2006). Á mynd 2 má sjá fjölda lögskilnaða á fimm ára tímabili eftir lengd hjónabands frá árinu 1961 til ársins 2011.

Lögskilnaðir eftir lengd hjónabands 1961-2011




Mynd 2 Lögskilnaðir eftir lengd hjónabands 1961-2010 (Hagstofa Íslands, 2011).

Ljóst er að töluverður munur er á skilnaðartíðni eftir lengd hjónabanda. Það vekur athygli að fram til 1980 er skilnaðartíðnin hæst meðal hjóna sem hafa verið gift í 3–5 ár, frá 1981–1990 er tíðnin hæst hjá þeim sem hafa verið gift í 6–9 ár en eftir það er hún hæst hjá þeim sem hafa verið giftir í 20 ár eða lengur.

Einnig er vert að fara yfir hversu mörg börn verða fyrir áhrifum að völdum skilnaða. Á mynd 3 má sjá fjölda barna hjóna við skilnað.

Lögskilnaðir og fjöldi barna úr hjónabandi 1961-2011



Mynd 3 Skilnaðir og fjöldi barna við skilnað 1961-2011 (Hagstofa Íslands, 2012).

Eins og sjá má er hæsta hlutfall skilnaða hjá pörum án barna upp úr 1991. Töluverður munur er á skilnaðartíðni hjóna með 4 börn eða fleiri og hjóna með engin börn. Kann það að skýrast af því að fjöldi para sem eiga 4 börn er talsvert minni en þeirra sem ekki eiga börn. Sé tekið mið af pörum sem eiga 1–3 börn má þó draga þá ályktun að foreldrar skilji síður ef börn eru fleiri en 2. Til að mynda verða um það bil 550 – 600 börn sem upplifa skilnað foreldra á ári, sé horft til áráanna 2006 – 2010.

3 Fjölskyldugerðir

Í þessum kafla verður fjallað um ólíkar fjölskyldugerðir, stöðu einstæðra foreldra á Íslandi. Þá verður gerður samanburði á stöðu einstæðra foreldra á Íslandi við hin Norðurlöndin. Að lokum verður fjallað um tengslamyndun stjúpfjölskyldna og hvað sé hægt að gera til að stuðla að góðu sambandi milli stjúpforeldra og stjúpbarna.

Fjölskylda er frekar rúmt hugtak og er ómögulegt að einskorða hugtakið við eitt sérstakt fjölskyldumunstur. Hugtakið er lifandi þar sem þjóðfélagið tekur sífelldum breytingum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Máli mínu til stuðnings verður hér upptalning á mismunandi fjölskyldumunstri sem öll falla undir hugtakið *fjölskyldugerðir*; má þar nefna gagnkynhneigt par, hvort sem er í sambúð eða gift, með eitt eða fleiri börn, samkynhneigt par með börn eða án barna, barnlaust par, einstætt foreldri með barn eða börn, stjúpfjölskylda, afar og ömmur sem hafa forræði yfir barnabörnum sínum, uppkomin systkini sem búa saman án foreldra, og jafnvel þar sem vinir búa saman og treysta á hvern annan þegar kemur að félagslegum, tilfinningalegum og fjárhagslegum stuðningi. Mikilvægt er því að hafa í huga að hugtakið *fjölskylda* er ekki óbreytanlegt, fjölskyldumynstur mótast eftir lífsstefnu fólks. (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013; Howe, 2012).

Í rannsókn Hanne Warming (2011) sem gerð var í Danmörku og náði til 1.324 barna í 5. bekk grunnskóla var könnuð reynsla barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Þegar börnin voru spurð um skilning sinn á hugtakinu *fjölskylda* og hvað þau teldu falla undir hugtakið könnuðust 51–60% barnanna ekki við að eitthver af eftirtöldum fjölskylduformum félli undir hugtakið: blandaðar fjölskyldur, einstæðir foreldrar, stórfjölskyldur og samkynhneigðir foreldrar. Þetta kom á óvart í ljósi þess hversu algeng flest þessi fjölskylduform eru. Hugsanleg skýring væri hversu kjarnafjölskyldan, gagnkynhneigðir foreldrar með tvö börn, er enn mun sýnilegra á miðlum samfélagsins, svo sem samfélagsmiðlum, fréttamiðlum, auglýsingum og bókum. Þess má geta að sjö af hverjum tíu þátttakendum bjuggu í kjarnafjölskyldu (Warming, 2011).

Fjölskylduformin sem slík voru þó ekki ofarlega í huga barna þegar þau voru spurð hvað þeim þætti mikilvægasti eiginleiki fjölskyldu. Meðal þess sem þau nefndu voru fyrst og fremst góð *gildi* og *samstarf*, ásamt *ást*, *húmor* og *umhyggju*. Þá voru 66% barnanna sem töldu samsetningu fjölskyldunnar ekki skipta máli ef allir væru ánægðir. Helmingur þeirra barna sem tóku þátt í rannsókninni upplifði fjölskyldu sína öðruvísi á einn eða annan hátt. Voru það aðallega börn sem bjuggu ekki í hefðbundinni kjarnafjölskyldu, börn sem töldu sig búa við sérstaklega góðan eða jafnvel slæman fjárhag og börn af öðru þjóðerni. Ekki var þar með sagt að börnunum hafi þótt það neikvætt að fjölskyldur þeirra væru öðruvísi, en það virtist skipta þau meira máli að fjölskyldan hefði sömu áhugamál og húmor, sem almennt átti við (Warming, 2011).

3.1 Einstæðir foreldrar

Fjölskyldugerðir sem eru með því sniði að einstætt foreldri fer með forræði yfir börnum, eiga oft sína sérstöðu hvað varðar lífsgildi og í flestum tilfellum eiga þessar fjölskyldur erfiðara uppdráttar en aðrar fjölskyldugerðir ef litið er á almenningsviðhorf og almenn fjölskyldumál í samfélögum (Ragnar Þór Risten Friðjónsson, 2014).

Í grein Sigrúnar Júlíusdóttur (2009) um uppeldisaðstæður barna á Íslandi á síðastliðnum áratugum kemur fram að börn einstæðra foreldra eiga frekar undir högg að sækja en börn sem búa hjá eða njóta daglegs atlætis beggja foreldra (Sigrún Júlíusdóttir, 2009). Má ætla að góð samskipti foreldra eftir skilnað, bæði samskipti þeirra á milli og samskipti þeirra við börnin, leiði til þess að skilnaðurinn hafi ekki eins neikvæð áhrif á börnin.

Þegar á heildina er litið kemur fram ákveðin skekkja þegar borin er saman vinnutími og hlutfall tekna hjá einstæðum foreldrum og kjarnafjölskyldum. Einstæðir foreldrar þurfa oft á tíðum að leita sér fjárhagsaðstoðar. Um 31% einstæðra foreldra lifir við fátæktarmörk eða lágtekjumörk og 25% skortir efnahagsleg gæði á meðan hlutfall þeirra sem eru giftir eða í sambúð er 5% og 4,1%. Algengara er að börn sem búa við lágtekjumörk á Íslandi hafi meiri áhyggjur af fjárhagsafkomu fjölskyldunnar en á öðrum Norðurlöndum. Einnig kom fram að íslensk börn sem átta fráskilda foreldra hafa meiri áhyggjur af heilsu, líðan og framtíð foreldra sinna en önnur börn í til dæmis kjarnafjölskyldum. Þetta getur einnig tengst því að einstæðir foreldrar vinna í flestum tilfellum fleiri stundir á viku og eru þar af leiðandi meira fjarverandi frá heimilinu og undir meira álagi (Sigrún Júlíusdóttir, 2009; Hagstofa Íslands, 2013).

Í sænskri rannsókn sem Barbara Hobson og fl. (2011) gerðu um efnahags- og félagslegar aðstæður einstæðra mæðra í Svíþjóð kemur fram talsverður munur á einstæðum mæðrum samanborið við foreldra sem eru giftir eða í sambúð. Meðal annars er fjallað um að ástæður fyrir því að einstæðir foreldrar eru alla jafna verr staddir fjárhagslega en þeir sem eru giftir eða í sambúð þar sem eingöngu einar tekjur koma inná heimilið, auk meðlags frá hinu foreldrinu. Einstæðir foreldrar þurfa oft að vinna fleiri vinnustundir en aðrir foreldrar og eru oft í fleiri en einni vinnu til að ná endum saman. Efnahagslegar aðstæður hafa áhrif á heilsu og líðan á nokkra vegu. Samkvæmt skýrslu sem byggð var á könnun frá árinu 2002 með rúmlega 31.000 þáttakendum, sem voru aðeins einstæðar mæður, má sjá að einstæðar mæður í Stokkhólmi eru almennt verr staddir, bæði félagslega og efnahagslega, en aðrar mæður. Samkvæmt skýrslunni hafa þær minni menntun og eru líklegri til að verða atvinnulausar á tveggja ára tímabili eða 16% á móti 11% hjá þeim mæðrum sem giftar voru eða í sambúð. Fjárhagur einstæðra mæðra er í 50% tilvika það slæmur að þær hafa þurft að hætta við læknisheimsóknir vegna fjárhagslegra erfiðleika, samanborið við eingöngu 20% mæðra í hjónabandi eða sambúð. Hlutfall einstæðra mæðra sem þurftu að leita sér félagslegrar aðstoðar var 8% sem er mun herra hlutfall en þær sem eru giftar eða í sambúð sem var rétt rúmlega 1%. Streita og kvíði eru algengir kvillar í hópi einstæðra mæðra og má rekja til velferðarvandamála, svo sem

efnahagslegra örðugleika, atvinnuleysis og lélegrar heilsu (Hobson og fl.,2011). Einstæðir foreldrar þurfa að huga að heimili, uppeldi og frístundum barna sinna, ásamt því að vera í vinnu og standa undir rekstri heimilisins oft án aðstoðar. Slíkir stressvaldar geta haft mismunandi áhrif á börn og fer alla jafna eftir aldri þeirra og þroska hvernig þau bregðast við. Einkennandi afleiðing streituvalda hjá börnum eru árásarhegðun, uppgjöf, eirðarleysi, einbeitingarskortur, depurð, hvatvísi, þreyta, stam, lítil matarlyst og/eða ofát (Ellenby, 2000; Weinraub og Wolf, 1983). Vegna afleiðinga verri fjárhags og jafnvel atvinnuleysis einstæðra foreldra geta börn átt erfiðara uppdráttar. Þau eru líklegri til að þróa með sér sálræna kvilla og leiðast frekar út í fíkniefnaneyslu. Menntun er einnig lægri í þessum hópi samanborið við börn sem alast upp með báðum foreldrum (Hobson o.fl., 2011).

Samanburður á rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (2009) og rannsókn Barbara Hobson og fl. (2011) leiðir í ljós að niðurstöðurnar eru svipaðar. Efnahagur einstæðra foreldra bæði héraendis sem og í Svíþjóð er að öllu jöfnu verri en hjá fólki í sambúð eða í hjónabandi. Mætti ætla að þessar niðurstöður gefi ákveðna mynd af stórrí prósentu, en að mati höfundar verður að taka það inni myndina að ekki er hægt að setja alla undir sama hattinn. Hjón geta haft það verri fjárhagslega séð en einstætt foreldri. Þarf að taka inni myndina að foreldri getur verið búið að mennta sig og staðið vel fjárhagslega áður skilnaður á sér stað. Einnig er hægt að gangast undir tæknifrjógungun eða ættleiða barn án þess að eiga maka. Þeir einstaklingar geta einnig haft það gott fjárhagslega þrátt fyrir að vera einstæðir.

Þeir félagslegu kvillar sem eru algengari hjá börnum einstæðra foreldra viðrast vera alla jafna þeir sömu þegar horft er til niðurstaðna þessara rannsókna. Það sem foreldrar geta gert til þess að hafa hagsmuni barna sinna í forgangi er að skipuleggja tímann sinn vel og nýta þær stundir sem þeir hafa með börnum sínum til fulls og þá sérstaklega ef lítill tími gefst hjá einstæðu foreldri sem vinnur alla jafna mikið og er lítið heima vegna þess.

3.2 Stjúpfjölskyldur

3.2.1 Stjúpforeldri

Eitt af algengu fjölskylduformi á Íslandi eru svokallaðar stjúpfjölskyldur. Í bók Valgerðar Halldórsdóttur (2012,bls.20) er hugtakið *stjúpfjölskylda* skilgreint svo að um sé að ræða fjölskyldu þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn með öðrum aðila eða aðilum. Segja má að stjúpfjölskylda sé töluvert flóknari en til dæmis kjarnafjölskylda, enda tengjast oft fleiri einstaklingar stjúpfjölskyldu, eins og stjúpforeldrar, stjúpsystkini, fleiri

ömmur og afar, fleira frændfólk og vinir (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Þessar breytingar sem eiga sér stað þegar stjúpfjölskylda kemur til, hafa margvísleg áhrif á alla einstaklinga fjölskyldunnar en þá sérstaklega í upphafi. Það getur skipt miklu máli hvaða nálgun fólk notar til að tengja saman tvær fjölskyldur og taka þarf meðal annars tillit til aldurs og þroska barna sem tilheyra fjölskyldunum. Þegar fráskildir foreldrar hefja nýtt samband og flytja inn saman er algengt að hlutverk hvers og eins sé óljóst. Líklegt er að um ólíkar venjur og hlutverk fjölskyldumeðlima sé að ræða og þarf því að komast að samkomulagi og móta í sameiningu hlutverk hvers og eins innan stjúpfjölskyldunnar. Má þar nefna ýmsa þætti á borð við virðingu fyrir einkalífi hvers og eins, uppeldishætti og traust. Það er því oft mikil áskorun fyrir fullorðna, jafnt sem börn, að venjast breyttum aðstæðum þegar stjúpfjölskylda verður til (Valgerður Halldórsdóttir, 2012; Stewart, 2005; Jón Á. Kalmansson, 1997).

3.2.2 Stjúpsystkini

Við stofnun stjúpfjölskyldu er algengt að báðir fráskildir aðilar eigi börn úr fyrra sambandi. Það getur reynst erfitt fyrir börn að aðlagast nýju stjúpsystkini og deila þannig foreldri, heimili og jafnvel herbergi (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Börn taka misvel á móti nýjum systkinum. Stundum taka þau breytingunni sem orðið hefur á fjölskyldunni fagnandi og ná strax góðu sambandi við stjúpsystkini sín. Önnur eru ekki eins ánægð og eru ekki tilbúin að deila foreldri sínu. Það er margt sem getur ýtt undir ólík viðbrögð barna eins og framkoma foreldra og stjúpforeldra eða ef kyn, aldur og persónuleiki barna er mismunandi. Það síðarnefnda getur haft úrslitaáhrif á það hvernig stjúpsystkini ná saman og getur það verið ástæðan fyrir því að þau ná misvel saman.

Jákvætt þykir að foreldrar hafi raunhæfar væntingar og geri ekki mikið mál úr því þó börn þeirra ná ekki saman svo framarlega sem kurteisi og virðing ríki í samskiptum þeirra á milli. Börn geta fundið fyrir óöryggi um stöðu sína gagnvart eigin foreldri, eiga það gjarnan til að fylgjast vel með hve miklum tíma foreldrið ver í að sinna stjúpsystkinum. Getur meðal annars vaknað afbrýðisemi þegar foreldrið sýnir þeim ást og hlýju en það er algengara ef um yngri börn er að ræða (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2003). Algengt er að börn fyllist afbrýðisemi sem brýst út í reiði og jafnvel árásargirni ef þeim líkar illa við að hafa einhverskonar keppinaut um athygli frá líffræðilegum foreldrum. Getur slíkt jafnvel orðið til þess, ef fleiri en eitt barn úr fyrra hjónabandi er að ræða, að systkini standa þétt við bakið á hvert öðru gegn stjúpsystkini sínu. Slíkar aðstæður geta væntanlega tekið mikið á fyrir bæði foreldri og erfitt getur reynst að vera sanngjarn og réttlátur. Nauðsynlegt er að foreldrar sýni börnum sínum að þeir séu að gera sitt besta svo allir séu sáttir. Það getur oft reynst betur að leyfa stjúpsystkinum að útkljá mál sín án afskipta foreldra til þess að mynda tengsl sín á milli. En gott er að hafa í huga að slík tengsl geta verið misjöfn (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2003; Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

3.1.3 Farsælar leiðir til að mynda tengsl í stjúp fjölskyldu

Það sem getur skilað hvað mestum árangri til að þróa gott samband innan stjúp fjölskyldna er þegar stjúpforeldrar gefa sér tíma til að kynna stjúp börnum sínum. Það er jákvætt ef stjúpforeldrið gefur sér tíma í að kynna áhugamálum stjúp barna sinna og veitir þeim jákvæða athygli, en með þeim hætti eru meiri líkur á því að börnin séu tilbúin að taka leiðsögn frá stjúpforeldri sínu. Samvinna og sætti á milli stjúpforeldra og líffræðilegra foreldra getur einnig myndað jákvæða þróun í því samhengi. Mikilvægt er fyrir alla einstaklinga innan fjölskyldunnar að gefa sér stund saman til að ræða um skipulag, heimilisaðstæður og hlutverk hvers og eins. Það þarf að hafa umræðuna opna inni á heimilinu um væntingar hvers og eins til þess að forðast óæskilegar streituvaldandi tilfinningar og árekstra (Gibson, 2013). Má ætla að það skipti miklu máli að rækta jákvæð tengsl innan stjúp fjölskyldna og að foreldrar gefi sér góðan tíma til að kynna stjúp börnum sínum með aldur og þroska þeirra í huga. Þá er spurning hvort stjúp börn hafi vilja til að verja tíma með stjúpforeldri en það fer líklega eftir því hvernig stjúpforeldrar nálgast stjúp börn sín og á hvaða aldri þau eru þegar stjúp fjölskylda verður til. Einnig má ætla að samskipti foreldra skipti sköpum þegar stjúp fjölskyldur myndast og hvernig þær ná að mótast. Verður það að teljast hafa áhrif á börnin og skoðun þeirra á breyttum aðstæðum.

Samkvæmt bandarískri rannsókn sem Susan D. Stewart (2005) gerði kom í ljós að börn sem tilheyrðu stjúp fjölskyldu áttu oftari erfiðara félagslega og tilfinningalega en þau börn sem tilheyrðu hefðbundnum kjarnafjölskyldum. Kom þar fram að ástæðurnar fyrir því eru að stjúpforeldrar eru ekki eins tengdir stjúp börnum sínum og líffræðilegir foreldrar. Ástæðurnar geta verið skortur á samveru og umhyggju sem getur leitt til minni nándar milli stjúpforeldra og stjúp barna þeirra.

Niðurstöður rannsóknar Stewart benda einnig til þess að sambönd milli stjúpforeldra og stjúp barna batni með tímanum ásamt því að stöðugleiki eykst samhliða því að stjúpforeldrar þróa með sér meiri jákvæðni í garð stjúp barna sinna (Stewart, 2005). Til þess að þessar breytingar eigi sér stað er mikilvægt að stjúp fjölskyldur gefi sér góðan tíma saman og ræði væntingar og hugmyndir um hlutverk einstaklinganna svo auðveldara verði að móta sambúðarform (Stewart, 2005; Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Rannsókn Susan D. Stewart leiðir ofantaldar niðurstöður í ljós. Líklega eru mörg börn háðari stjúpforeldrum sínum en líffræðilegum foreldrum eins og til dæmis ættleidd börn eða börn sem hafa eignast stjúpforeldri ung að aldri og umgangast það alla jafna meira en líffræðilega foreldrið, svo eitthvað sé nefnt. Má segja að niðurstöðurnar bendi einungis til þess að stjúp fjölskyldur eigi erfitt uppdráttar til að byrja með. Mætti þó segja að þetta sé raunin í þeim tilfellum þegar erfiðlega gengur að þúsla saman fjölskyldunum.

Rannsókn Bianca Suanet o.fl. (2013) um tengsl stjúp fjölskyldna á tímabilinu 1992 til 2009 í Hollandi, leiddi í ljós að árið 1992 áttu 63% þátttakenda gott samband við stjúp börn sín en árið 2009 hafði hlutfallið hækkað upp í 85%. Þar kom einnig fram að hlutverk stjúpforeldra er mismunandi eftir aldri og þroska stjúp barna þeirra. Ef börnin eru ung er líklegra að stjúpforeldrar fái ákveðið uppeldishlutverk í þeirra lífi en þegar börnin verða eldri getur sambandið þó orðið flóknara. Þá kemur stjúpforeldri ekki inn sem beinn uppalandi í lífi barnsins heldur geta þá frekar myndast vináttutengsl milli stjúpforeldris og barns. En góð vináttutengsl eru einmitt talin besta leiðin til að byggja upp gott samband við stjúp börn sín frá upphafi og ávinna sér þannig traust þeirra. Þegar stjúpforeldrar koma inn í líf stjúp barna sinna strax sem uppalandur getur það leitt til þess að mikið ójafnvægi og ósætti myndast þeirra á milli er leitt getur til erfiðleika í samskiptum (Suanet o.fl., 2013).

Stjúpfeður og -mæður hafa almennt ólík viðhorf til stjúpforeldrahlutverksins. Stjúpfeður eru alla jafna meiri þátttakendur í lífi stjúp barna sinna en stjúp mæður. Ástæðan er sú að algengara er að börn eigi lögheimili hjá móður eftir skilnað foreldra og umgangist þar af leiðandi stjúp föður daglega. Börn eru því líklegri til þess að líta á stjúp föður sinn sem eiginlegt foreldri. Af þeirri ástæðu umgangast stjúp mæður þau ekki eins reglulega og sjá þau hana því ekki sem foreldri heldur meira sem maka föður síns (Suanet o.fl., 2013). Aðeins um 20% stjúp dætra upplifa sig í nánú sambandi við stjúp móður sína og einungis þriðjungur lítur á stjúp móður sína sem foreldra mynd (Hart, 2009). Hlutfall stjúp barna sem líta á stjúp feður sína sem foreldri er töluvert hærra eða 50%. Opin umræða um viðfangsefnið er talin mikilvæg og einnig að útskýrt sé fyrir börnum að stjúp foreldri sé ekki komið í stað foreldris eða komið til að taka yfir hlutverk foreldris. Stjúp fjölskyldur eru jafn mismunandi og þær eru margar. Hugtakið er langt frá því að vera neikvætt. Heldur er með umfjöllun þessari verið að benda á að vandlega þurfi að huga að því þegar stjúp foreldri og stjúp börn koma inn í aðra fjölskyldu. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga í góðu og nánú sambandi við stjúp foreldri sín eru ólíklegri til þess að eiga við fyrrgreinda félagslega og andlega vanlíðan að stríða, heldur en börn sem eiga í slæmu eða litlu sambandi við stjúp foreldri sitt. (Suanet o.fl., 2013; Valgerður Halldórsdóttir, 2012; Hart, 2009).

Að ofangreindu virtu verður ekki annað séð en að tengsl stjúp barna og stjúp foreldra hvíli að stórum hluta í höndum stjúp foreldris. Skiptir þar miklu máli að stjúp foreldri verji tíma með stjúp barni sínu og að sú nálgun sem beitt er við fyrstu kynni sé með þarfir barnsins að leiðarljósi og meðal annars sé tekið tillit til aldurs og þroska barnsins. Með þessu sé stuðlað að jákvæðum tengslum sem er lykill að góðu sambandi þeirra á milli.

4 Almennt um áhrif skilnaðar á börn

Í þessum kafla verður fjallað um hvaða áhrif skilnaður getur haft á börn og hvað skal hafa í huga við og eftir skilnað.

Þegar kemur að uppeldisskilyrðum barna skipta aðstæður og samskipti skilnaðarforeldra höfuðmáli, því börn eru eins mismunandi eins og þau eru mörg (Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 2008). Þó svo að skilnuðum hafi farið fjölgandi með árunum og umræðan um skilnað sé opnari, hefur skilnaður ávallt tilfinningaleg áhrif á börn (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Barn er sjaldan viðbúið því að foreldrar þess skilji og því ættu foreldrar ávallt að vera meðvitaðir um að hafa hagsmuni barna sinna efst í huga komi til skilnaðar. Oftar en ekki á skilnaður sér aðdraganda og algengt er að þetta ferli taki einhvern tíma. Á þessum tíma getur myndast spenna og erfiðleikar innan heimilisins og algengt er að börn finni fyrir óöryggi. Áhrif skilnaðar á börn geta farið eftir aldri þeirra, þroska, kyni og persónuleika ásamt því hvernig foreldrar standa að skilnaðinum og hvernig þeir takast á við allar þær tilfinningar og streitu sem getur fylgt honum. Algengt er að börn finni fyrir tilfinningalegum örðugleikum í kjölfar skilnaðar eins og sorg, reiði og óöryggi. Mikilvægt er að foreldrar séu þá til staðar fyrir börnin sín og gefi þeim tíma, þolinmæði og viðhlýtandi svör við spurningum sem kunna að vakna um hvað sé framundan (Henriksen og Rasmussen, 2015; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Skilnaður virðist ávallt hafa einhver neikvæð áhrif á börn, hvernig sem aðstæður þeirra eru, en þau geta komið fram á ólíkan hátt. Samkvæmt Henriksen og Rasmussen (2015) er það háð aldri, þroska, persónuleika og kyni barna hvernig þau bregðast við.

Nauðsynlegt er að foreldrar setjist niður með börnum sínum og leiðbeini þeim í gegnum það ferli sem á sér stað ásamt því að tala opinskátt um skilnaðinn og staðfesta að hann sé ekki þeirra sök (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Með þessu móti eru auknar líkur á því að börnum líði ekki eins illa vegna skilnaðarins og minni líkur á því að þau séu með ranghugmyndir um ástæður skilnaðar. Þó mikilvægt sé að tala um skilnaðinn við börnin verður að gæta þess að hlífa þeim við vandamálum sem geta komið upp á milli foreldranna sem koma börnunum ekki við, en auðvelt virðist vera að gleyma því í miðri hringekju reiði og gremju. Foreldrar ættu að ræða ágreiningsmál sín þegar barnið heyrir ekki til og sjá til þess að málefni barnsins og annars ágreinings sé aðskilið. Það getur tekið nokkurn tíma fyrir börn að átta sig á breyttum aðstæðum og sorgarferli sem börn ganga í gegnum í kjölfarið getur brotist fram á mismunandi tímum og á ólíka vegu. Algengt er að börn sætti sig smám saman við skilnaðinn og aðlagist nýjum aðstæðum. Jafnframt er þó algengt að von barna um að foreldrar þeirra taki saman aftur vari lengi í hjarta þeirra. Á meðan vonin lifir eru börn almennt ekki tilbúin að sætta sig við og venjast skilnaðinum. Þegar þessi tiltekna von hverfur, getur barnið betur sætt sig við aðstæður og farið að njóta lífsins eins og það er (Henriksen og Rasmussen, 2015; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013; Alfvén & Hofsten, 2004).

4.1 Mismunandi viðbrögð eftir aldri barna

Hvað varðar áhrif skilnaðar á börn, þá þarf að taka inní myndina aldur og mismunandi þroskaskeið barna við skilnað. Þegar börn eru á fyrsta og öðru ári hafa þau ekki nægilega mikinn þroska til þess að átta sig á hvað skilnaður felur í sér. Þrátt fyrir það finna þau fyrir tilfinningalegum breytingum foreldra sinna og skap þeirra sveiflast oft í takt við það. Ungabörn geta orðið leið ef annað foreldri hverfur allt í einu en það getur komið fram í svefntruflunum, lystarleysi og tíðum gráti svo fátt eitt sé nefnt. Ungabörn þurfa öruggt og taktfast umhverfi og því er það best ef lítil sem engin röskun verður á daglegum venjum og umhverfi barna á þessum aldri (Benedikt Jóhannesson, 2004).

Leikskólabörn á aldrinum tveggja til fimm ára eiga oft í ýmsum erfiðleikum eftir skilnað. Þau eiga það til að fara aftur um þroskastig þar sem þau krefjast þess oft að foreldrar þeirra sinni sér eins og ungabarni. Þau vilja gjarnan láta halda á sér, sleppa foreldrum sínum ekki auðveldlega í burt og sýna óttatengd viðbrögð sem eru ómeðvituð hegðun (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007). Á þessum aldri eiga börn erfitt með að tjá sig með orðum og gera það oft ómeðvitað í teikningum sínum. Þegar börn teikna eða mála er það oft þeirra leið til þess að tjá sig og koma ákveðnum tilfinningum og skilaboðum frá sér. Teikningar barna endurspeglar oft það sem barnið er að reyna að skilja og oftast en ekki ná börn að tjá sig með orðum út frá verkum sínum. Það þarf samt sem áður að hafa það hugfast að ekki eru allar teikningar barna einhvers konar tjáning þar sem börn eiga það líka til að teikna það sem þau sjá í sjónvarpi, bókum o.s.frv. (Berghildur Erla Bernharðsdóttir, 2002). Einnig geta þau pirrast auðveldlega og gráta töluvert meira ef þeim finnst foreldrarnir ekki skilja þau. Þegar þau gera sér grein fyrir því að annað foreldrið býr ekki lengur hjá þeim verða þau oft hrædd um að hitt foreldrið fari líka. Strákar á aldrinum tveggja til fimm ára eiga það til að sýna reiði og eru oft með mikil læti eða hávaða eftir skilnað foreldra. Þessi einkenni eiga líka við um stelpur en algengara er þó að þær fari að haga sér eins og fyrirmyndarkonur. Með því er átt við að mikil áhersla er lögð á snyrtileika til þess að vinna sér inn virðingarsess fullorðinna. Einnig eiga þær það til að tala við börn á sama aldri eins og þær séu æðri þeim, líkt og fullorðnar manneskjur (Weaver, Schofield M.J og J.Thomas, 2015; Benedikt Jóhannesson, 2004).

Börn á aldrinum fjögurra til sjö ára eru með afar öflugt ímyndunarafli þar sem þau geta mótað sér ákveðnar óraunhæfar hugmyndir um af hverju skilnaður foreldra þeirra átti sér stað og það leiðir af sér ótta (Howe, 2012). Þau líta í eigin barm og kenna sér mögulega um, til dæmis gætu þau haldið að skilnaðurinn hafi orðið vegna þess að þau hafi hagað sér illa. Þetta getur valdið þeim óöryggi ef foreldrar gefa sér ekki tíma til þess að ræða það hvers vegna skilnaðurinn átti sér stað og taki í umræðunni tillit til aldurs barnanna (Benedikt Jóhannesson, 2004; Ongider N., 2013).

Sorg og kvíði einkenna viðbrögð barna sem eru á aldrinum sex til átta ára en börn á þessum aldri gera sér sterkari grein fyrir því hvað felst í skilnaði foreldra sinna (Howe, 2012). Þau gera sér grein fyrir fortíðinni, nútíðinni og framtíðinni og eru því ekki jafn háð nútíðinni eins og yngri börnin. Á þessum aldri hafa börn mikla þörf fyrir skilning á raunverulegum aðstæðum og því er gott að færa þeim einfaldar og góðar útskýringar á ástandinu og hverju þau megi búast við í framhaldinu. Börn á þessu aldursbili hafa mikla þörf fyrir nærveru foreldra sinna og það getur því verið sérstaklega erfitt fyrir stráka ef tengsl þeirra við föður minnka. Magaverkur, höfuðverkur og jafnvel svefntruflanir eru algengir kvillar og haldast í hendur við andlega vanlíðan. Á aldrinum níu til tólf ára gera börn sér frekar grein fyrir því að þau geta lítið gert til þess að foreldrar þeirra haldi sambandi sínu áfram. Þau hafa þroska til þess að móta sér eigin skoðanir á aðstæðunum og getur það valdið þeim leiða og reiði. Algengt er að upp komi einhvers konar hegðunarvandamál. Aðskilnaðarkvíði getur komið upp eins og hjá yngri börnum og eiga þau oft erfitt með að kveðja foreldra sína til þess að fara í skóla eða frístundir. Á þessum aldri hafa þau þroska til þess að hafa meiri samúð með tilfinningum annarra og eiga því oft í erfiðleikum með að horfa upp á foreldra sína líða illa eftir skilnað. Aftur á móti hafa þau mikla réttlætiskennd og því er algengt að þau taki afstöðu annars foreldris á móti hinu. Með þeim hætti geta þau slyst inn í ásakanir, deilur og jafnvel hefnigirni foreldra sinna. Dæmi eru um tilfelli þar sem foreldrar hafa dregið börnin sín á þessum aldri beint inn í vandamálin og algengt er að börn á þessum aldri taki of mikla ábyrgð (Howe, 2012; Ongider N., 2013; Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007).

Börn sem komin eru á unglingsár eiga oft í miklum erfiðleikum með breytingar (Howe, 2012). Algengt er að unglingar dragi sig í hlé frá fjölskyldulífinu ef skilnaður á sér stað og fara að leita meira til vina, byrja í ástarsamböndum og flytja fyrr að heiman en áætlað var. Þessum breytingum getur fylgt mikil og óheilbrigð áfengisdrykkja eða önnur óregla. Vinirnir og jafningjahópurinn er mikilvægt stuðningsnet á unglingsárunum og það getur valdið börnunum kvíða ef þau þurfa að flytja eða skipta um skóla í kjölfar skilnaðar. Oft og tíðum vilja unglingar prófa sig áfram eftir skilnaðinn, prófa að búa hjá móður og svo einnig hjá föður til þess að gera sér betur grein fyrir því hvað þau vilja. Foreldrar eiga það til að koma of mikilli ábyrgð yfir á unglunga eftir skilnað og getur það haft skaðleg áhrif á borð við aukna sorg, kvíða og lélegri námsárangri en ella. Þó svo að skilnaður hafi ávallt einhver neikvæð áhrif á börn, eru þó dæmi um að unglingar komist vel frá skilnaðarferli foreldra sinna. Skilnaður er lífsreynsla sem hægt er að nota á uppbyggilegan máta, unglingar verða oft sjálfstæðari og þroskaðri í kjölfarið (Weaver, Schofield M.J og J.Thomas, 2015; Howe, 2012; Ongider N., 2013).

Eftir að hafa farið yfir niðurstöður rannsókna um áhrif skilnaða á börn eftir aldri þeirra er ljóst að áhrif skilnaðar á börn og unglunga eru ólík. Líkt og Henriksen og Rasmussen (2015) komu inn á í sinni rannsókn er það háð aldri, þroska, persónuleika og kyni barna hvernig þau bregðast við. Ekki má einungis horfa til aldurs við athugun á viðbrögðum barna vegna

skilnaðar. Öll börn eru ólíkir einstaklingar og þroskastig þeirra er breytilegt eftir aldri, taka þarf mið af því þegar horft er á viðbrögð barna við skilnaði.

4.2 Andlegt ástand í kjölfar skilnaðar

Reiði er ein af þeim tilfinningum sem börn geta glímt við í kjölfar skilnaðar. Reiði er sú tilfinning sem oftast skapar vandamál í samskiptum innan fjölskyldunnar (Motataianu, 2015). Það eru ekki endilega tilvik reiðinnar, heldur hvernig hún brýst út sem getur skapað vandamál. Það leiðir oft til andlegra eða líkamlegra árása innan fjölskyldna sem hefur oft áhrif á börn. Reiði er eðlileg mannleg tilfinning, en fullorðið fólk þarf að kunna að átta sig á rótinni og láta reiðina ekki hlaupa með sig gönur og láta hana bitna á þeim sem síst eiga skilið, börnunum. Þegar fullorðið fólk beinir ekki reiðinni í uppbyggilegan farveg og hefur stjórn á sér, hvernig er þá hægt að ætlast til þess að börn hafi stjórn á reiði sinni. Ef börn alast upp við mikla reiði og ósætti á heimili sínu eru líkur á að það leiði til brottfalls þeirra úr skóla í framtíðinni og skorts á mannlegum samskiptum. Þessi börn upplifa oft höfnun vegna hegðunar sinnar og gæti það verið ástæða fyrir brottfalli úr námi. Andrúmsloft getur orðið svona í kjölfar skilnaða foreldra og haft áhrif á líðan barns eftir skilnað (Motataianu, 2015).

Foreldrar hafa mikil og afgerandi áhrif á mótun grunngilda barna og ungmenna, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð en auk þess mun framkoma foreldra ávallt hafa áhrif á mótun persónuleika barns (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Börn þarfnast ástar, umhyggju og öryggis fjölskyldunnar. Ef skortur er á framantöldu eftir skilnað foreldra aukast líkur á hegðunarröskun hjá börnum. Skilnaður hefur ávallt einhver neikvæð áhrif fyrir fjölskylduna í heild. Rannsóknir hafa sýnt fram á að áhrif skilnaða á foreldra er ekki frábrugðin áhrifum hans á börn. Foreldrar finna fyrir því að andlegu öryggi þeirra er ógnað, þeir upplifa sorg, tilfinningalega gremju og sektarkennd. Börn geta einnig upplifað alla þessa þætti og getur það bitnað á námsárangri þeirra, orsakað hegðun vandamál og skapað erfiðleika með að aðlagast nýjum aðstæðum (Wallerstein og Kelly, 2008; Alfvén og Hofsten, 2004). Því er mikilvægt fyrir fullorðið fólk að taka tillit til tilfinninga barna og reyna í sameiningu að leysa vandann. Ef ekki er tekið á vandamálinu getur það jafnvel leitt til brottfalls úr námi.

Börn læra það sem fyrir þeim er haft. Ef barn verður vitni að deilum milli foreldra sinna, sama hvort um er að ræða líkamlega eða andlega tjáningu, er líklegt að börn sýni sömu hegðun í umgengni við jafnaldra sína, þar sem börn trúa því að þetta sé eðlileg hegðun (Motataianu, 2015). Ef ekki er tekið á þessum málum er líklegt að barnið þrói með sér hegðun er leiði til erfiðleika í mannlegum samskiptum seinna meir. Skilnaður getur valdið neikvæðum sálrænum áhrifum, til dæmis reiði gagnvart foreldrum, öryggisleysi, sorg og jafnvel þunglyndi en sem betur fer læra flest börn á nýjar aðstæður með hjálp foreldra sinna (Motataianu, 2015). Þörf barna fyrir ást og umhyggju er sú sama fyrir og eftir skilnað og því mikilvægt að gæta að börnum í slíkum aðstæðum og veita þeim mikla ást og umhyggju. Mikilvægt er að foreldrar

séu tengdir barninu sínu og veiti því líkamlega umhyggju eins og faðmlag jafnt sem og andlega umhyggju. Ef börn finna fyrir þessari tengingu milli sín og foreldra sinna eru sterkari líkur á að þeim líði betur vegna skilnaðarins. (Wallerstein og Kelly, 2008; Alfvén & Hofsten, 2004). Er það í samræmi við niðurstöður rannsóknar Irina Radu Motataianu (2015) að sálfræðingar hafa leitt í ljós að góð tilfinningaleg tengsl og líkamleg snerting séu hvað mikilvægustu þættirnir sem skapa öryggistilfinningu barna og mynda grunn að heilbrigðum þroska og vexti þeirra. Á hverjum degi ættu foreldrar að temja sér að nýta tímann þegar börnin eru heima eins og til dæmis í morgunmat, í hádeginu og á kvöldin til þess að rækta sambandið við þau. Segja þeim sögur, tala við þau og lesa fyrir þau á hverju kvöldi áður en þau fara að sofa. Með því að stuðla að góðum samskiptum við barnið getur það auðveldað þeim að vinna í gegnum sorgarferli í gegnum tilfinningalegan stuðning og líkamlega snertingu. Góð samskipti við foreldra opna fyrir tilfinningar barnsins og hjálpar því að tjá sig um líðan sína. Einnig er mikilvægt að það finni að það geti talað um líðan sína og tilfinningar við foreldra sína. (Motataianu, 2015).

Börnum á að vera heimilt að opna fyrir tjáningu sína á sorg sinni og að þau geti fengið huggun við henni frá foreldrum sínum og nærveru (Wallerstein og Kelly, 2008). Börn eru vissulega misfljót að jafna sig á sorg, þetta er ekki bara eitt ferli þar sem ákveðin uppskrift hentar öllum, heldur þurfa foreldrar að skynja það á börnum sínum hvað sé best að gera hverju sinni. Ekki er mælst með að neyða börn til þess að opna sig og gera þau það almennt ekki nema þau finni fyrir öryggi og séu tilbúin til að sigrast á sorginni (Wallerstein og Kelly, 2008; Alfvén & Hofsten, 2004).

Samkvæmt ofangreindum rannsóknum eru áhrif skilnaða á foreldra og börn að miklu leyti lík. Börn upplifa sorg, reiði, söknuð og óöryggi þegar skilnaður á sér stað og samkvæmt þessu virðist vera mjög mikilvægt að foreldrar átti sig á að börn þeirra eru að ganga í gegnum sorgarferli líkt og þau. Mætti telja jákvætt að foreldrar geti sett sig í spor barna sinna við skilnað, taki tillit til þroska þeirra og aldurs og veiti því athyggli að þau eru að ganga í gegnum sorgarferli og breytingar alla jafna.

4.3 Börn sem stuðningsnet foreldra

Höfundur telur nauðsynlegt að koma stuttlega inná tilvik sem er afar varhugavert. En foreldrar sem eru að ganga í gegnum skilnað reynist oft mjög erfitt að gera skil á milli sinna eigin tilfinninga og tilfinninga barna sinna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Ómeðvitað ganga þeir oft út frá því að börnunum líði eins og þeim. Án þess að foreldrar geri sér fyllilega grein fyrir því, þá fara börn oft inn í það hlutverk að vera allt í senn huggarar, staðgenglar og sálusorgarar fyrir foreldra sína. Jafnvel eru sum börn notuð í að koma boðum á milli foreldranna. Algengt er að þau sinni yngri systkinum eins og foreldri. Sum börn taka inn á sig sorgir og vanlíðan foreldra sinna og glíma því við margskonar einkenni. Oft verða þau

viðkvæm fyrir allskonar áreiti í umhverfinu og eru þannig berskjölduð og eiga erfitt með að verja sig í skóla og tómstundastarfi með öðrum börnum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Foreldrar verða að vera vakandi fyrir aðstæðum og börn eigi aldrei að líða fyrir skilnað foreldra á slíkan hátt. Þá er mikilvægt að fjalla um hvernig hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar.

4.4 Hvernig er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar?

Flestar rannsóknir sem skoðaðar hafa verið í tengslum við vinnslu á þessari ritgerð sýna fram á að skilnaður hefur ávallt neikvæð áhrif á börn á einhvern hátt. Er því mikilvægt að þegar foreldrar ákveða að skilja að þau setji börnin í forgang, veita þeim ást og umhyggju og leyfi þeim að tjá sig á þann hátt sem þau hafa þroska til, líkt og nefnt hefur verið hér að framan. Með þessu stuðla foreldrar að meiri öryggistilfinningu hjá börnunum. Einnig er mikilvægt að viðhalda reglufestu og stöðugleika (Valgerður Halldórsdóttir, 2012; Berghildur Erla Bernharðsdóttir, 2002).

Í kjölfar skilnaðar telst jákvætt að foreldrar standi saman og haldi foreldrahlutverki sínu í föstum skorðum til þess að stuðla að velferð, vellíðan og öryggi barna sinna (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995). Við skilnaðinn hætta þeir ekki að vera foreldrar og hafa því ákveðnum skyldum að gegna líkt og áður. Foreldrar eru fyrirmynd barna sinna og er því talið jákvætt að þeir takist á við skilnaðinn á yfirvegaðan hátt til að draga úr erfiðum tilfinningum og stuðla þannig að vellíðan barna sinna með jákvæðum hætti til framtíðar. Gott er að þeir leggi ágreining og deilumál sem tengd eru skilnaðinum til hliðar á meðan börn heyra til (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995; Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Talið er mikilvægt að börn fái tækifæri til þess að umgangast báða foreldra sína eftir skilnað. Í rannsókn Álfheiðar Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal (1995) kemur fram að þau börn sem fá tækifæri til þess að rækta tengsl við báða foreldra eftir skilnað eigi auðveldara með að aðlagast nýju og breyttu lífi. Þau eru í betra jafnvægi en börn sem fá ekki tækifæri til þess að umgangast það foreldri sem flytur af heimilinu. (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995).

4.5 Langtímaáhrif skilnaða á samband barna við foreldra sína

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við sambönd barna og foreldra eftir skilnað sýna að skilnaðurinn hefur neikvæðari áhrif á tengsl barna við feður sína fremur en tengsl við móður (Kalmijn, 2012). Eftir skilnað er töluvert algengara að börn búi hjá móður

sinni og feður flytji út af heimilinu. Þar af leiðandi geta tengsl á milli föður og barns minnkað (William V, 2003). Umræðan í Þjóðfélaginu á Íslandi ásamt lagabreytingum bendir þó til þess að jafnari umgengni sé algengari en áður. Má meðal annars nefna að algengara er að börn njóti viku og viku umgengni hjá foreldrum sínum. Þau stefni að því að búa í sama hverfi til að auðvelda umgengnina.

Breyting hefur þó ekki eingöngu verið í tengslum við umgengni þar sem nýlega var sett ákvæði í lögum (34. gr. barnalaga) um að dómara er heimilt að dæma um sameiginlega forsjá sem er stórt skref fram á við. En slíkrar heimildar naut ekki í eldri lögum (barnalög, nr. 76/2003). Fáir börn ekki að umgangast báða foreldra sína eins oft og þau voru vön fyrir skilnaðinn getur það leitt til þess að samband á milli foreldris og barns minnki. Auk þess er vert að benda á að foreldrar eru oft uppteknir af eigin tilfinningum þar sem þeir upplifa sjálfir erfiða tíma í kjölfar skilnaðarins og geta því tilfinningar og vanlíðan barna setið á hakanum. Slíkt getur einnig leitt til þess að samskipti og samvera með börnum verði minni á þessum tíma, að börnin fái minni athygli. Börn eiga það til að kenna öðru foreldrinu um skilnaðinn og er það oftast nær föðurnum sem er kennt um, eins og áður kom fram, þá er töluvert algengara að hann flytji út (William V, 2003; Kalmijn, 2012). Ójöfnuður getur orðið milli foreldra í kjölfar skilnaðar þar sem algengt er að samband barna við annað foreldrið verði sterkara. Þrátt fyrir að algengara sé að börn búi hjá móður sinni getur það verið eðlilegt að börnum finnist skemmtilegra að vera hjá föður en móður. Ástæður þess geta til dæmis verið þær að móðirin heldur áfram að sinna hefðbundnum uppeldisháttum og setur reglur en þar sem faðirinn er oftast fjarverandi í lífi barns eru töluverðar líkur á því að hann vilji gera allt til þess að eiga góðan tíma með barninu og leyfir því þá frekar að komast upp með hvað sem er. Þetta getur myndað þvingað samband á milli foreldra og valdið ákveðnum árekstrum. Þegar þetta á við er algengt að það foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá fer að passa betur upp á það að barninu skorti ekkert og krefjist þess oft að hitt foreldrið, þá oftast faðirinn, haldi þeim uppeldisháttum sem voru viðloðandi fyrir skilnað til þess að gæta að því að barnið upplifi ekki aðeins annað foreldrið sem uppalanda (Kalmijn, 2012; Kelly, 2007). Börn geta horft neikvæðum augum á það ef samband þeirra við föður minnkar. Mikil fjarvera föður getur haft áhrif á félags- og tilfinningalegan þroska barna og þá sérstaklega hjá drengjum (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008). Þeir eru líklegri til að vilja fá jafnmikinn tíma með föður sínum eins og móður. Það er mögulegt að börnum finnist þau ekki velkomin á heimili föðurs og jafnvel ekki talin mikilvæg í hans augum ef sambandið minnkar og samverustundunum fækkar mikið og meira en þau vilja. Einnig getur það orðið til færri samverustunda við föður ef móðirin byrjar í sambandi með öðrum manni og giftir sig. Gæta þarf þess að börn fái að leggja til málanna og geti jafnvel haft einhver áhrif á ákvarðanatöku um samastað (McLanahan o.fl., 2013; Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008; William V., 2003).

Mikilvægt er að taka tillit til þess ef foreldrar sem skilja eiga fleiri en eitt barn, geta samskipti föður verið misgóð við börnin, þar sem eitt barnið getur verið nánara föður sínum en

annað nánara móður sinni (Kalmijn, 2012). Í slíkum tilfellum þurfa foreldrar að komast að samkomulagi um hvernig hlutunum verði háttáð í kjölfar skilnaðar. Þetta getur mótað flókin samskipti milli barna og fráskilinna foreldra. Mikilvægt er að foreldrar vinni saman og komist að samkomulagi um það hvað sé best fyrir börnin þeirra eftir skilnaðinn. Það skiptir máli varðandi samband foreldra við börn sín til framtíðar að rétt sé staðið að samskiptum og hagræðingu eftir skilnaðinn og ákvarðanir séu teknar í sameiningu. Annars eru miklar líkur á því að sambandið við annað foreldrið verði lítið sem ekkert þegar börn eru komin á unglings- og fullorðinsár (Kalmijn, 2012; Kelly, 2007).


Ofangreind umfjöllun bendir til þess að skilnaðir geti haft margvísleg áhrif á börn og það geti farið eftir aldri, þroska, kyni og persónuleika barna hvernig viðbrögð og tilfinningar brjótast út. Mikilvægt er að foreldrar leiti ekki til barna sinna eftir stuðningi eftir skilnað en það getur haft slæm áhrif á félags- og tilfinningaleg tengsl barna eftir skilnaðinn. Einnig er vert fyrir foreldra að hafa það í huga þegar skilnaður á sér stað að skilnaðurinn hefur áhrif á tilfinningar og líðan barna og þarf ávallt að gæta þess að hafa hagsmuni barnanna í fyrirrúmi þegar skilnaður á sér stað.

5 Búsetuform

Í þessum kafla verður fjallað um búsetuform barna í kjölfar skilnaðar. Fjallað verður um jafna búsetu, lög um búsetu barna hérlendis sem og á Norðurlöndunum auk þess verður komið inn á samræður og samningagerð um samvistir.

Til þess að gera sér betur grein fyrir búsetuformi barna verður lítillega fjallað um þá þróun sem átt hefur sér stað í forsjármálum. Forsjá felur í sér samband milli foreldris og barns frá fæðingu og þar til það verður lögráða, 18 ára að aldri. Forsjá felur í sér rétt foreldris til að ákvarða persónulega hagi barns. Í öðru lagi ber foreldri með forsjá að tryggja bæði efnahagslega og andlega velferð barns og í þriðja lagi rétt barnsins sjálfs til forsjá (28. gr. barnalaga nr. 76/2003). Ofangreind umfjöllun er nauðsynleg varðandi þróun á búsetuformi barna þar sem barn hefur almennt lögheimili hjá forsjárforeldri, ef ekki er um að ræða sameiginlega forsjá. Á 20. öld tíðkaðist að mæður sæju alfarið um uppeldi og annað sem tengdist heimili og börnum (Kelly, 2007). Hlutverk feðra var að framfleyta fjölskyldunni og sjá fyrir heimilinu. Algengt var að börn byggju hjá mæðrum sínum eftir skilnað foreldra en færu í reglulegar heimsóknir til feðra sinna, svokallaðar pabbahelgar. Þetta fyrirkomulag þekkist enn þann dag í dag en er sjaldgæfara. Talið var að fyrirkomulagið væri skynsamlegast fyrir börnin þar sem ekki var talið gott fyrir andlega líðan barnanna að eiga tvö heimili (Kelly, 2007).

Forsjá barna eftir skilnað 1961-2011



Mynd 4 Forsjá barna eftir skilnað 1961-2011 (Hagstofa Íslands, 2012).

Á mynd 4 má sjá dreifingu á forsjáraðild á Íslandi eftir skilnað á tímabilinu 1961 – 2011. Ljóst er að ákveðin breyting hefur orðið í forsjármálum á Íslandi en hún felst að mestu í aukningu á sameiginlegri forsjá á árunum 1991 – 2011. Samkvæmt töflunni var algengara á árunum 1961–1990 að móðir færi ein með forsjá barns eftir skilnað, en það tók þó lítilsháttar breytingum eins og sjá má. Áhugavert er að aukning á forsjá feðra eykst jafnt og þétt fram til ársins 1991 þar

til sameiginleg forsjá fer að gera vart við sig. Verður þá ákveðinn viðsnúningur og sameiginleg forsjá verður algengari og er samkvæmt töflu algengasta fyrirkomulagið í forsjá í dag.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) kom í ljós að mikill meirihluti foreldra hafi ekki hagað búsetu sinni eftir þörfum barna sinna. Í ljós kom að ef miklar búsetubreytingar eiga sér í stað getur það haft áhrif á tilfinningar og líðan barna og því er mikilvægt að foreldrar hugsi um það þegar þeir flytja á milli staða. Meirihluti barnanna, eða um 80% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni, bjuggu í töluvert mikilli fjarlægð frá umgengnisforeldri og áttu því ekki auðvelt með að fara á milli heimila. Aðeins 20% þátttakenda bjuggu í göngufæri við hitt foreldri sitt. Þrátt fyrir að foreldrar séu almennt meðvitaðri um það er jákvæð umræða um mikilvægi þess að fráskildir foreldrar búi í sama hverfi til að koma í veg fyrir óþarfa röskun á daglegu lífi barnanna ávallt þörf. Vert er að benda á að stutt vegalengd á milli foreldrahúsa getur einnig verið jákvæð fyrir samvinnu foreldra (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Ef börn fá að taka þátt í ákvarðanatöku um búsetu sína eru meiri líkur á að ofangreind vandamál komi ekki upp. Það getur bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif fyrir börn að alast upp við sameiginlega forsjá foreldra. Til þess að sameiginleg forsjá gangi vel og hafi jákvæð áhrif á börn er mikilvægt að foreldrar virði hvort annað og taki sameiginlegar ákvarðanir þegar kemur að börnum þeirra. Barnið þarf að finna fyrir góðri samvinnu foreldra og sveigjanleika (Nævdal og Thuen, 2004).

Mikilvægt er að útskýra fyrir börnum hvar foreldrar komi til með að búa og hvar þau sjálf muni búa (Kelly, 2008). En slíkt er mikilvægt til að stuðla að öryggi barna þar sem það getur valdið börnum óöryggi og kvíða ef þau vita ekki hvað koma skal. Einnig er jákvætt ef börnum er gerð grein fyrir því hvenær þau hitti það foreldri sem nýtur umgengni, í þeim tilfellum þegar forræði er ekki sameiginlegt. Þetta getur auðveldað börnum að skilja aðstæður betur og veitir þeim þar af leiðandi ákveðið öryggi. Gott er að leyfa þeim að tala opinskátt um upplifun sína á skilnaðinum og líðan sína yfir honum. Gott er að gera þeim grein fyrir því að þau hafi val um hjá hvoru foreldrinu þau muni búa ef aðstæður leyfa (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008; Kelly, 2008).

5.1 Lög um forsjá og búsetu barna

Friðhelgi fjölskyldu og heimilis er eitt af mikilvægustu mannréttindum okkar og eru bæði varin í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og í alþjóða mannréttindasamningum. Lítið er um lagasetningar er varða málefni fjölskyldunnar. Þó hefur verið talið nauðsynlegt að hafa ákveðin lög og reglur er varða málefni barna. Eitt af því er löggjafinn hefur talið nauðsynlegt að tryggja börnum er að eiga rétt á forsjá foreldra sinna, njóta umgengnis við það foreldri er það hefur

ekki lögheimili hjá og tryggja þeim vernd og umönnum sem velferð þeirra krefst sbr. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar (Barnalög nr. 76/2003).

Það getur krafist mikillar þolinmæði og sveigjanleika að viðhalda sameiginlegri forsjá og eru meiri líkur á að upp komi ágreiningur milli foreldra ef samskiptum og samvinnu er ábótavant (Kelly, 2008).

Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (2008) á reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá eftir að lög um sameiginlega forsjá sem meginreglu tóku gildi á Íslandi árið 2006, leiddi í ljós að 92% barna eiga lögheimili hjá móður sinni en aðeins 8% hjá föður sínum. Ef börnin voru fleiri en eitt hjá foreldrum var miðað við yngra barn. Þessar tölur eru svipaðar og áður en reglurnar voru settar um sameiginlega forsjá árið 2006. Í heildina voru 88% foreldra almennt sáttir við það hvar lögheimili barnanna var og um þá ákvörðun sem þeir tóku um hvar lögheimili barnanna ætti að vera. Þá ber að nefna að 80% fedra voru einnig sáttir með þetta fyrirkomulag lögheimilis og því aðeins 13% mjög eða frekar ósáttir. Langflestar mæður voru ánægðar með niðurstöðuna eða um 95%. Foreldrarnir voru spurðir að því hvort þeir væru með eða á móti því að geta samið um að barnið ætti lögheimili hjá báðum foreldrum og voru 73% þátttakenda sáttir með það fyrirkomulag, en þó aðallega þeir sem voru með sameiginlega forsjá. (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Með hliðsjón af þessum upplýsingum má segja sem svo að foreldrar sem eru með sameiginlega forsjá eru almennt sáttir með lögheimili barna sinna. Áhugavert er þó að sjá að þrátt fyrir að forsjá sé sameiginleg er algengast að börn hafi lögheimili hjá móður.

Í skýrslu sem unnin var af nefnd fyrir Félags- og tryggingarmálareytið um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum vegna aðgerðaráætlunara til að styrkja stöðu barna og ungmenna var meðal annars fjallað um ákvæði barnalaga er varðar forsjá, búsetu og umgengni. Hefur umfjöllun á þessum málaflokkum verið áberandi í umræðu á Íslandi sem og í öðrum Norðurlöndunum síðasliðin ár. Markmiðið í norrænum barnarétti hefur verið að tryggja öryggi og aðra hagsmuni barna og felst það meðal annars í því að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra sína óháð stöðu foreldranna. Lögð hefur verið áhersla á að endurskoða lög er varðar reglur um samband milli barna og foreldra sem ekki búa saman til að styrkja hagsmuni barnsins. Á flestum Norðurlöndum hefur verið lögð áhersla á samstöðu og samvinnu foreldra og hversu mikilvægt það sé að foreldrar nái sáttum eða semji sjálfir um forsjá, búsetu og umgengni með hagsmuni og velferð barnanna að leiðarljósi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Þess má geta að Finnar og Danir hafa endurskoðað löggjöf sína ásamt túlkun laganna. Svíar og Norðmenn hafa breytt lagaákvæðum sínum um meðlagsmál en Íslendingar hafa ekki breytt sínum málum hvað við kemur meðlagsgreiðslu frá upphafi tuttugustu aldar (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Samkvæmt Guðnýju Björk Eydal og Hrefnu Friðriksdóttur þyrfti að kanna fjölskyldugerðir íslenskra barna með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa undanfarna áratugi með það til

hliðsjónar að reglur um meðlag og framfærslu hafa áhrif á börn og foreldra. Sú þróun sem hefur orðið í samfélaginu undanfarna áratugi á aukinni skilnaðartíðni verður til þess að mikilvægt er að breyta meðlagskerfinu. Norræn meðlagskerfi byggjast fyrst og fremst á eftirfarandi þáttum; sameiginlegri ábyrgð beggja foreldra á framfærslu barns, auknu frelsi foreldra til að semja um meðlag, tilliti til kostnaðar af framfærslu barns, tilliti til tekna beggja foreldra og tilliti til umgengni foreldrisins sem barnið býr ekki hjá (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

5.2 Samræður og samningagerð um samvistir

Í rannsókn sem Sigrún Júlíusdóttir (2008) gerði á samræðum og samningagerð foreldra við skilnað kom í ljós að nánast allir þátttakendur af báðum kynjum eða 93% þeirra töldu samræður og samninga hafa stóran sess í ákvörðunarferli um dvalar- og samvistarmynstur (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Einungis 27% þátttakenda töluðu um að hafa leyft börnunum að taka þátt í ákvörðunartökunni en í flestum tilfellum voru það þeir foreldrar sem fóru með sameiginlega forsjá barna sinna, en ekki er hægt að fullyrða að munurinn sé marktækur. Um 85% þátttakenda voru með samvistir í föstu fyrirkomulagi og fóru alla jafna eftir því. Fast fyrirkomulag er algengast hjá foreldrum sem eru með sameiginlega forsjá yfir börnum sínum, eða 94% þeirra, en 80% hjá þeim foreldrum þar sem annað foreldri hafði fulla forsjá yfir börnum. Rúmlega helmingur, 62% foreldra, sem höfðu samið um ákveðið fyrirkomulag voru sáttir við fyrirkomulag um samvistir með börnum sínum á meðan um 35% voru ekki sáttir og vildu fá meiri tíma með börnum sínum. Þetta átti meira við um fedur en mæður, en 55% fedra en 20% mæðra vildu fá meiri tíma með börnum sínum. Dvalar- og samvistarmynstur er mismunandi en algengasta fyrirkomulagið í dag meðal þeirra 24% sem sögðu börnin dvelja jafnt hjá báðum foreldrum er fyrirkomulagið vika hjá móður og vika hjá föður, og á það við í um 86% tilfella. Aðeins 3% foreldra voru með fyrirkomulagi á þann veg að barn dvaldi hjá móður í tvær vikur og tvær vikur hjá föður. Í 42% tilvika voru börnin hjá föður sínum aðra hverja helgi. Þá voru 14% þátttakendanna sem studdist ekki við neitt sérstakt fyrirkomulag í þessum málum og dvöldu börnin hjá foreldrum sínum eftir hentugleika og aðeins 44% sögðu sérstakt fyrirkomulag um jól/áramót og skipti forsjárskipan ekki máli í því efni. (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Ekki búa allir svo vel að því að geta sest niður og samið um dvalar- og samvistarmynstur að sjálfsdáðum. Þeir sem vildu semja með hjálp annarra án þess að láta sýslumann úrskurða umgengni barnsins geta leitað til fagaðila Samkvæmt fyrrnefndri könnun var hlutfall þeirra er töldu faglegan ráðgjafa nauðsynlegan, við ákvörðunartöku, framkvæmd og annað tengdu skilnaði, óháð því hvort þeir höfðu leitað sjálfir eða ekki voru um 46%. Þeir foreldrar sem leituðu til faglegs ráðgjafa nam um 26% og um 20% til lögfræðings. Sem betur fer var ekki nema um 2% foreldra báru málið fyrir dómstóla. Nánast allir foreldrarnir eða 94% töldu brýna

nauðsyn á fræðslu og ráðgjöf fyrir stjúp fjölskyldur, aðallega fyrir mæður fremur en feður (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

5.3 Jöfn búseta

Líkt og áður hefur verið komið inná í kaflanum Búsetuform hefur þróun varðandi búsetu og umgengni breyst frá því að mæður sáu aðallega um börnin, að undanskildum fyrrnefndum pabbahelgum, allt að því að vera orðin jöfn. Það er líkt og framangreindir fyrirkomulag sem oft er nefnt *vika og vika* sem gefur til kynna í samræmi við orðanna hljóðan að barn dvelur hjá foreldri í viku og hinu foreldrinu í viku. (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008). Ein helsta ástæða þess er sú að þátttaka feðra í uppeldi og umsjá barna hefur aukist umtalsvert. Samfélagslegt viðhorf hefur breyst, báðir foreldrar hafa áhuga á að taka þátt í daglegum atburðum og lífi barna sinna sem getur orðið erfitt þar sem foreldrar búa í sitthvoru lagi. Vegna þessarar þróunar hefur jöfn búseta orðið eitt algengasta búsetuformið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem eru í jafnri búsetu líður almennt betur og virðast hafa aðlagð sig betur að skilnaði foreldra en þau börn sem fylgja örðu fyrirkomulagi. Jöfn búseta gerir báðum foreldrum kleift að verja tíma með börnum sínum og minni líkur eru á því að börnin eigi aðeins í góðu sambandi við annað foreldrið. Mæður virðast vera jafn hlynntar jafnri búsetu barna og feður. Börn í jafnri búsetu hafa takmarkaðri tíma með hvoru foreldri miðað við aðstæður fyrir skilnað. En á móti kemur að meiri líkur eru á því að foreldrar nýti tímann betur með börnunum þegar þau eru hjá þeim. (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008).

Samkvæmt Ársæli Má Arnarsyni og Þóroddi Bjarnasyni er orðið algengara að feður vilji taka virkari þátt í uppeldi og daglegum atburðum barna sinna. Þetta má telja jákvæða þróun þar sem börn eiga rétt á því að umgangast báða foreldra sína, ásamt því að það er gott fyrir félags- og tilfinningalegan þroska að geta notið samveru með báðum foreldrum.

Töluvert meiri líkur eru á að unglingar sem búa hjá öðru foreldri sýni áhættuhegðun en þeir sem búa hjá báðum kynforeldrum sínum. Þrátt fyrir að áhættuhegðun sé aðallega miðuð við unglingsárin eru þó líkur á að hún viðhaldist fram á fullorðinsár. Ástæðan fyrir þessum vandamálum geta verið margar. Má þar nefna minni tengsl við það foreldri sem barnið býr ekki hjá lengur, minna eftirlit af hálfu foreldranna, efnahagsleg vandamál og jafnvel vanlíðan foreldra (William V, 2003; Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008). Langtímarannsóknir hafa sýnt fram á að þessi áhættuhegðun getur hafa komið fram hjá barninu áður en foreldrar skilja. Jöfn búseta getur verið ein lausn á vandamálinu, en þá búa börn jafnt inni á heimilum foreldra sinna. mismunandi skoðanir hafa verið á tvískiptri búsetu barna (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008).

Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (2016) um þróun og umfang jafnrar búsetu leiddi í ljós að sýn og reynsla skilnaðarbarna á jafnri búsetu var jákvæð þegar á heildina er litið. Yngri

viðmælendur höfðu almennt jákvæðari reynslu og sýn en þeir eldri, en viðmælendur voru á aldrinum 18 – 59 ára. Það sem viðmælendur voru allt upp í 59 ára gamlir var ekki algengt að þeir hefðu reynslu af jafnri búsetu þar sem jöfn búseta var ekki algengt búsetuform eftir skilnað fyrr en eftir 1990 (Hagstofa Íslands, e.d.; Sigrún Júlíusdóttir, 2016).

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Sólveigar Sigurðardóttur (2013) þar sem foreldrar greindu frá sinni reynslu og sýn á jafnri búsetu, kom í ljós að þeir áttu í góðum samskiptum, voru í virku foreldrasamstarfi og höfðu að öllu jöfnu jákvæða reynslu af jafnri búsetu barna sinna. Þar lýstu þeir því að fyrirkomulagið væri gott og lítið sem ekkert var komið inn á efasemdir um þætti sem varðaði börnin. Þessir foreldrar réttlættu það að fyrirkomulagið hefði ekki verið borið undir börnin til að hlífa þeim, þau hefðu ekki nægilega þekkingu eða að þetta kæmi bara með tímanum. Foreldrarnir töldu almennt að börn gætu aðlagast smám saman því umróti og óöryggi sem fylgir því að eiga tvö heimili þar sem þau hefðu góða aðlögunarhæfni. Aftur á móti kemur það skýrt fram í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (2016) að skilnaðarbörn eru ekki ávallt á sama máli. Þau benda á ókosti jafnar búsetu og lýsa neikvæðum áhrifum hennar á líðan sína. Þau töldu þó jafna búsetu skárri kost en að missa tengsl eða minnka samskipti við annað foreldrið og voru því almennt sátt við fyrirkomulagið. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að jöfn búseta hafði jákvæð áhrif á börn ef samvinna og sætti foreldra var góð. Foreldrar þurfa að vera samstíga í að virða vilja og þarfir barna sinna, ásamt því að ræða við börnin og útskýra aðstæður. Það getur verið börnum þungbært þegar foreldrar ræða ekki málin við þau né hlusta eftir óskum þeirra þegar kemur að ákvarðanatöku um búsetu. Börnin töluðu um svokallað ferðatöskulíf, kvíða, álagi og róti sem vildi fylgja því að eiga heima á tveim stöðum og þeim ósanngjarna fórnarkostnaði sem þau þyrftu að bera. Einnig komu viðmælendur inn á það að oft völdu foreldrar jafna búsetu vegna eigin hagkvæmisástæðna, þá vegna vinnu, húsnæðismála eða vegna vilja þeirra til að hafa börnin jafn mikið hjá sér. Viðmælendur töldu þá ástæðu þó ekki ávallt vera galla en foreldrarnir þyrftu þá að geta unnið í samvinnu að hagsmunum barna sinna. Þetta fyrirkomulag bendir til jafnrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði og aukinnar einstæðishyggju þar sem báðir foreldrar vilja laga sig að breyttum samfélagsaðstæðum og gildum. Niðurstöður sýna einnig fram á það að ef jöfn búseta á að geta verið heppilegt fyrirkomulag fyrir börn þarf ákveðnum skilyrðum að vera fullnægt og má þar nefna hvernig unnið er að skilnaðinum, sátt foreldra, ábyrgð og fjölskyldusamskipti (Sigrún Júlíusdóttir, 2016).

Það sem foreldrar geta gert til þess að draga úr röskun á högum barna sinna í kjölfar skilnaðar er að finna sér húsnæði í göngufæri við hvort annað og þá helst í sama hverfi og þeir bjuggu í fyrir skilnaðinn. Þetta myndar öryggi hjá börnum, þau geta haldið áfram í sama skóla, stundað tómstundir sínar og haldið tengslum við leikfélaga sína. Samstarf foreldra verður oft auðveldara með þessu móti og barnið getur haldið í gott samband beggja foreldra (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Þær rannsóknir sem höfundur skoðaði um jafna búsetu benda til þess að góð samskipti foreldra og foreldrasamvinna sé lykilatriði þegar kemur að velferð barna eftir skilnað. Niðurstöður rannsókna voru ólíkar eftir því hvort viðmælendur voru foreldrar eða skilnaðarbörn. Þegar foreldrar voru spurðir út í sitt álit á jafnri búsetu barna sinna voru niðurstöður í flestum tilfellum jákvæðar. Eins og ný rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttir (2016) á reynslu skilnaðarbarna á jafnri búsetu leiddi í ljós komu fram ólíkar niðurstöður frá sjónarhorni barnanna en þau sáu bæði kosti og galla við fyrirkomulagið. Töldu þó flestir viðmælendur jafna búsetu vera besta kostinn.

5.4 Barnalög á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd

Samkvæmt íslenskum barnalögum (nr. 76/2003) hefur áhersla verið lögð á sameiginlega forsjá (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Um áratuga skeið hafa lög á Íslandi gert ráð fyrir því að foreldrar sem eru giftir eða í sambúð fari með sameiginlega forsjá barna sinna á meðan sambandið varir. Gert var ráð fyrir því að ef fólk sliti hjónabandi eða sambúð færi forsjá barnanna til annars foreldris. Það var ekki fyrr en árið 1992 sem barnalögin gerðu ráð fyrir því að foreldrar gætu mögulega farið sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað. Auk þess var gert ráð fyrir því að foreldrar myndu komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvar börn þeirra ættu að eiga lögheimili. Með þessum lögum var gengið út frá því að sameiginleg forsjá byggðist á samvinnu og samstarfi foreldra (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Þegar ný barnalög voru sett árið 2003 var ákvæði um forsjá breytt með því að styrkja sameiginlega forsjá. Það var gert með þeim hætti að foreldrum var gert kleift að krefjast úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum fyrir dómi. Árið 2006 voru þessi lög styrkt enn frekar, þar sem gerðar voru kröfur um að foreldrar færu áfram með sameiginlega forsjá barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit, nema annað væri ákveðið. Þessi lög standa enn óbreytt og það er því í höndum foreldra að ákveða hjá hvoru þeirra börnin eigi að hafa lögheimili og fasta búsetu að jafnaði. Árið 2007 var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á barnalögum þar sem dómari gæti hafnað því að slíta sameiginlegri forsjá og hægt væri að gera kröfur til foreldra um sameiginlega forsjá í einhverjum tilfellum. Ásamt þessu frumvarpi voru einnig gerðar tillögur um jafna umgengni, jafnan kostnað sem viðkom börnum og að báðir foreldrar væru jafn upplýstir um daglega iðju barna sinna. Auk þess þyrfti samþykki beggja foreldra fyrir því að annað foreldrið flytti úr landi með barnið (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Ekki má gefa út vegabréf fyrir barn nema að báðir foreldrar séu samþykkir um flutninginn. Þrátt fyrir að þessar tillögur hafi komið upp í frumvarpi, dögudu þær uppi hjá allsherjarnefnd. Þar af leiðandi geta dómstólar á Íslandi ekki ákveðið gegn vilja foreldra, að forsjá barna eigi að vera sameiginleg og ekki stjórnað því hvar börn eiga lögheimili. Þetta samkomulag er því einvörðungu á milli foreldra (félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009; Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Samkvæmt ofangreindum upplýsingum er gert ráð fyrir því að foreldrar sem hafa sameiginlegt forræði taki saman allar stórar ákvarðanir hvað varðar hag barna sinna. Þegar taka þarf minniháttar ákvarðanir í tengslum við börn er það í höndum þess foreldris sem barnið á lögheimili hjá. Þá er spurningin hvað eru stórar ákvarðanir og hvað eru minniháttar ákvarðanir en eins og eðlilegt þykir hefur fólk mismunandi skoðanir á því og ekki er það sérstaklega tekið fram í lögum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Þegar Ísland er borið saman við nágrannaþjóðir sínar er nokkuð ljóst að íslenskt kerfi er orðið frekar úreitt miðað við breytingar í barnarétti (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Upp hafa komið tillögur um breytingar hvað varðar meðlagakerfið og færa það nær þeim lögum sem Norðmenn hafa sett. Tillaga er um að auka samningafrelsi foreldra auk þess að afnema lágmarksmeðlag en taka frekar tillit til þeirra tekna sem báðir foreldrar hafa og einnig umgengni ef slíkur meðlagsúrskurður kæmi upp. Í norska kerfinu er reiknað út eftir bestu nákvæmni þann framfærslukostnað sem hvert foreldri þarf að greiða fyrir börn sín en á Íslandi er aðeins miðað við ákveðinn lágmarks framfærslukostnað. Samkvæmt greinagerð með þessu frumvarpi er nokkuð ljóst að það átti að hafa þetta eins einfalt og mögulegt var með það til hliðsjónar að halda góðri stjórn á markmiðunum sem stefnt var að (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

6 Samantekt og niðurstöður

Það samfélag sem við búum við í dag hefur tekið víðamiklum breytingum síðustu ár. Sú staðreynd að skilnaður og sambúðarslit eru langtum algengari en áður ásamt því að fjölmörg börn fæðast utan sambands hefur leitt til þess að flóknara hefur verið að sameina fjölskyldur. *Fjölskyldugerðir* eru jafn ólíkar og fjölskyldur eru margar og þar af leiðandi ekki til fastmótuð aðferð sem hentar öllum. Markmið ritgerðarinnar var að kanna hvort og þá hvað ber að hafa í huga við skilnað til þess að gæta að hagsmunum barna. Ein af niðurstöðum ritgerðarinnar er að skilnaður getur haft djúpstæð áhrif á börn og í mörgum tilvikum neikvæð áhrif. Með aukinni tíðni skilnaða og áhrif þeirra að leiðarljósi var lögð áhersla á að svara tveimur spurningum, *Hver eru áhrif skilnaðar á börn og ungmenni?* og *Hvaða leiðir virka best til þess að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar?*

Skilgreining á hugtakinu *fjölskylda* er rúm þar sem um lifandi hugtak er að ræða og síbreytilegt. Innan hugtaksins falla mismunandi *fjölskyldugerðir* sem hafa það sameiginlegt að einhver nán tengsl, hvort sem um er að ræða ættartengsl, makatengsl eða jafnvel vináttutengsl, eru á milli aðila svo þau líta hvort á annað sem nánustu aðstandendur (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Mesta áberandi breytingin er varðar hagsmuni barns skilnaðarforeldra er að foreldri þess verður einstætt eða þá að barnið eignist nýja stjúpfjölskyldu, þar sem áður óskyldir aðilar eru tengdir barninu fjölskylduböndum. Áberandi virðist vera að börn einstæðra foreldra finna fyrir auknu stressi foreldris sem tilkomið er vegna þess að einn aðili er farinn að sinna hlutverki sem áður fyrr var í höndum tveggja. Óhjákvæmilega eykur það vinnu og álag á viðkomandi foreldri sem oftast en ekki skilar sér til barnsins. Barnið gæti tekið of mikið inn á sig og fundið fyrir vonleysi er haft getur áhrif á menntun, þroska og líðan (Sigrún Júlíusdóttir, 2009; Hobson o.fl., 2011) Líðan barna er eignast nýja stjúpfjölskyldu er ekki af svipuðu meiði, tilfinningar þessarar barna samkvæmt rannsóknum virðast fremur vera í átt við afbrýðissemi. Afbrýðissemi um að þurfa að deila foreldri með öðrum sem ekki voru áður til staðar, reiði gagnvart stjúpforeldrum og –systkinum þar sem þau telji þau ekki vera hluta fjölskyldunnar. Rannsóknir virðast þó benda til þess að nálgun stjúpforeldris gagnvart barni skipti hvað mestu máli, viðsnúningur fari rólega fram og vináttutengsl séu sett í forgang við fyrstu kynni frekar en uppeldisnálgun og byggja þannig upp jákvætt samband frá upphafi. Mikilvæg er skýr umræða varðandi hlutskipti hvers og eins og að barninu sé afdráttalaust gerð grein fyrir að stjúpfjölskylda sé viðbót við fjölskylduna en ekki staðgengill hennar. (Stewart D.S., 2005; Suanet o.fl., 2013; Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

Ekki verður annað séð en að börn eigi almennt erfitt uppdráttar í kjölfar skilnaðar. Samkvæmt fyrirnefndum rannsóknum, haldast viðbrögð barna oft í hendur við aldur þeirra, þroska og kyn. Algengara er að yngri börn séu óörygg vegna breytinga sem brýst frekar út í óþekkt hjá drengjum en stúlkur reyna fremur að fá jákvæða athygli, eru snyrtilegar, rólegar og reyna að ná stjórn á aðstæðum. Því eldri sem börnin eru því minni er munurinn á viðbrögðum þeirra eftir kyni. Börnin fara að kenna sjálfum sér um skilnaðinn enda ekki með nægjanlegan þroska til að setja sig í spor annarra. Skilningur á aðstæðum eykst með aldri barns þó að óöryggi sé ennþá ríkjandi. Sorg og reiði er einkennandi hjá börnum sem geta leitt til ýmissa hegðunarvandamála og jafnvel að börnum finnist þau ábyrg fyrir tilfinningum foreldra sinna. Unglingar bregðast þó frekar við með því að draga sig í hlé, leita til vina og annarra utan heimilis. Þó viðbrögðin séu ólík benda rannsóknir til þess að opinska umræða skilnaðar, skýr hlutverkaskipan og að börn séu undanskilin þeim deilum sem foreldrar eiga í sé lykillinn fyrir barn til að vinna úr þeim aðstæðum sem það er í á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. En nauðsynlegt er að barn finni fyrir öryggi, reglufesti og stöðugleika, ást og umhyggju í sinn garð þrátt fyrir skilnaðinn (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007; Benedikt Jóhannesson, 2004; Howe, 2012; Weaver, Schofield M.J og J.Thomas, 2015; Ongider N., 2013)

Mikil framþróun hefur verið á síðustu árum í forsjár- og umgengnismálum. Hagsmunir barnsins eru hafðir að leiðarljósi í regluverki á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Íslensku barnalögin kveða á um rétt barnsins til forsjár forseldra sinna og að njóta umgengnis við þau bæði. Rétturinn er barnsins en ekki foreldra, sem almenn hugsunarvilla virðist ríkja um. Með það í huga hefur forsjá tekið gríðarlegum breytingum, forsjá felur í sér skyldur og rétt foreldris til að ákvarða hvað er best fyrir barnið *með hagsmuni þess að leiðarljósi*. Sú jákvæða þróun sem átt hefur sér stað felur í sér að barn njóti jafnari umgengni við báða foreldra sína. Báðir eru þá í hlutverki uppalanda sem samræmist kenningum fræðimanna að það sé börnum fyrir bestu að vera í nánnum tengslum við báða foreldra sína og auki það líkur á að þau eigi auðveldara með að aðlagast breyttum aðstæðum. Við þetta má bæta að samskipti við báða foreldra getur skipt máli varðandi tengslamyndun sem verður auðveldari ef heimili barna er í göngufæri við báða foreldra, og jákvæðast ef barn þarf ekki að flytja úr gamla hverfinu sínu. Með því er stuðlað að stöðugleika og öryggi barnsins, þar sem það stjórnast ekki eftir hentugleika foreldra sinna heldur geti betur einbeitt sér að daglegum áskorunum sínum.

7 Lokaorð

Í þessari ritgerð var markmiðið að kanna áhrif skilnaðar á börn. Fræðimenn eru almennt sammála um að skilnaður geti haft mikil áhrif á börn, í flestum ef ekki öllum tilvikum eru þau að einhverju leyti neikvæða. Það er því nauðsynlegt að foreldrar og aðrir bregðist rétt við. En rétt viðbrögð er mjög erfitt að skilgreina þar sem börn eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Viðbrögð þeirra geta verið mismunandi vegna aldurs, kyns, skapgerðar og svo margra annarra þátta. Ein aðferð hentar því ekki fyrir öll börn. Höfundur þessa verkefnis heldur því ekki fram að ákveðnar aðferðir séu þær 'einu réttu', heldur er reynt að varpa ljósi á hvaða aðferðir sé æskilegt að hafa að leiðarljósi fyrir foreldra.

Barn upplifir mikið óöryggi er skilnaður gengur í garð sem getur varað í lengri tíma eftir á. Sérstaklega ef mikil illindi eru milli foreldra þar sem barn er dregið inn í deilur og ágreining. Börn eru svo viðkvæm og móttækileg að ef ekki er rétt staðið að málum er möguleiki á að þau villist af leið. Samkvæmt niðurstöðum ritgerðarinnar mælir höfundur eindregið með að foreldrar leggi ágreining til hliðar og sameinist í að vinna að hagsmunum barnsins og setji velferð, vellíðan og öryggi þeirra langt umfram sína eigin. Þrátt fyrir að það hljómi einfalt þar sem börnin eru það mikilvægasta sem hvert foreldri á, þá á það því miður til að gleymast í miðjum stormi aðstæðna sem slíkra. Til þess verður foreldri að gera sér grein fyrir líðan barnsins sem meðal annars er hægt að greina í gegnum hegðun þess. Verður foreldri því að vera vakandi fyrir því ef ástæða fyrir hegðun barnsins er djúpstæðari en óþekktin sjálf eða aðrar afleiðingar eru á hverjum tíma.

Þær aðferðir sem gott er að hafa að leiðarljósi eru mismunandi eftir hvaða aðstæðum fyrir sig. Fjölskyldumynstur breytist óhjákvæmilega og er nauðsynlegt að foreldri sé meðvitað um að þær breytingar geti verið erfiðar fyrir barnið. Einstætt foreldri sem finnur fyrir miklum hita að vera orðin eina fyrirvinnan, uppalandinn og reyna að vinna úr sínum málum ætti að hafa í huga að mikilvægt er að gefa sér tíma með barni sínu. Stjúpfjölskyldur ættu að fara hægt í sakirnar, gefa barni tíma til þess að aðlagast í rólegheitum. Nauðsynlegt er að barni sé gert það ljóst frá upphafi að stjúpfjölskylda sé viðbót við fjölskylduna en ekki staðgengill fyrir aðra fjölskyldumeðlimi. Meðal annars með því að setta sig við stjúpforeldri eða –systkini á sínum hraða óháð utanaðkomandi pressu. Stjúpforeldrar ættu að reyna að tengjast barni vináttusambandi og byggja ofan á því seinna meir. Foreldri er byrjar með nýjum maka verður þó að taka tillit til barnsins og sjá til þess að foreldrið og barnið eigi gæðastundir saman án stjúpfjölskyldunnar til að koma í veg fyrir að barn upplifi að það sé að missa foreldri sitt til nýrrar fjölskyldu.

Þrátt fyrir samfélags- og lagabreytingar sem hafa átt sér stað varðandi forsjá og aðra jafnréttisþætti, bera foreldrar sjálfir ábyrgð gagnvart börnum sínum. Það er því ekki nægjanlegt að ætlast til þess að fá sameiginlega forsjá, helmings umgengni og virða annað að vettugi. Þessir þættir eru mikilvægir til að auðvelda barni að komast í gegnum skilnaðartímabilið og

eru fræðimenn á eitt sáttu um það að samvinna foreldra er einn stærsti þátturinn við uppeldi barna, hvort sem barnið býr á einu eða fleiri heimilum. Með samvinnu er hægt að leggja grunninn að velferð barna eftir skilnað. Einstætt foreldri, sem eru í góðri samvinnu við hitt foreldrið, á auðveldara með að dreifa álaginu þannig að barnið finni sem minnst fyrir því. Foreldri sem stendur fyrir utan hina nýju stjúpfjölsýldu getur auðveldað barni að taka á móti nýjum fjölskyldumeðlimum með því að tala fallega um nýju stjúpfjölskylduna og undirbúa barnið með jákvæðu móti fyrir dvöl hjá þeim. Samvinnan er einnig gífurlega mikilvæg þegar kemur að því að ákvarða hvar fjölskyldan muni búa þar sem ekki lengur er eitt heimili sem þarf að samræma heldur tvö, ef ekki fleiri. Er því ljóst að það mikilvægasta sem foreldrar geta haft í huga við skilnað gagnvart börnum sínum er að vinna saman, með því að leggja annað til hliðar, byggja barnið upp með jákvæðni og tala opinskátt við barnið um þær aðstæður sem það býr við og breytingar sem verða í kjölfarið. En fyrst og fremst, eins og áður hefur komið fram, að gleyma því aldrei að hagsmuni barnsins ber ávallt að hafa að leiðarljósi og láta ganga frammar eigin hagsmunum.

8 Heimildaskrá

Alfvén, M. og Hofsten, K. (2004). *Skilsmässa: om barn och föräldrar*. Sverige: Prisma.

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1995). *Barnasálfræði; frá fæðingu til unglingsára*, Reykjavík: Mál og menning.

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2003). *Barnasálfræði, frá fæðingu til unglingsára*, Reykjavík: Mál og menning.

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2007). *Ást í blíðu og stríðu, sálfræðibók um sambönd*, Reykjavík: Mál og menning.

Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2008). Jafnt til skiptis? Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Félags og mannvísindadeild, sálfræðideild og stjórn málafræðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2008 (Bls. 151-158). Sótt af <http://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/slideshow/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k.pdf>

Barnalög nr. 76/2003

Benedikt Jóhannsson (2004). *Börn og skilnaðir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir. (2002). Margt býr í myndverkum - listmeðferð. *Uppeldi*, 15(2), 30-33.

Ellenby, Y. (2000). *Om børn og stress – og hvad vi kan gøre ved det*. København: Hans Reitzels forlag.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Sótt af https://www.velferdarraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerdum.pdf

Fjölskyldan. (e.d.). *Umboðsmaður barna*. Sótt af <https://www.barn.is/malaflokkar/fjoelskyldan/#k4>

Gibson, D. M. (2013). Ambiguous roles in a stepfamily: Using maps of narrative practices to develop a new family story with adolescents and parents. *Contemporary Family Therapy*, 35(4), 793-805. doi 10.1007/s10591-013-9258-2

Hagstofa Íslands. (e.d.). Búsetuform barna. Sótt af <https://hagstofa.is>

- Hagstofa Íslands. (2006). Giftingar, stofnun sambúðar og skilnaðir árið 2005. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/giftingar-stofnun-sambudar-og-skilnadir-arid-2005/>
- Hagstofa Íslands. (2011). Giftingar og skilnaðir. Sótt af <https://hagstofa.is/>
- Hagstofa Íslands. (2013). Börn einstæðra foreldra líklegri en önnur til að búa við bág lífskjör. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/born-einstaetra-foreldra-liklegri-en-onnur-til-ad-bua-vid-bag-lifskjor/>
- Hart, P. (2009). On becoming a good enough stepmother. *Clinical social work journal*, 37(2).
- Henriksen, K., & Rasmussen, T. (2015). Børn i skilsmissekonflikter. Sótt af https://www.ucviden.dk/ws/files/30093747/Modtagelsen_p_Nord_B_rn_i_Skilsmissekonflikter_Projekt_rapport_rev_04.03.2015_endelig_.pdf
- Hobson, B., Carlsson, L., Fahlén, S. og Anderberg, E. (2011). Country report on labour market participation and socio-economic situation of lone parents in Sweden. Sótt af <http://www.iaq.uni-due.de/aktuell/veroeff/2011/alleinerziehende01.pdf>
- Howe, T.R. (2012). *Marriages & families in the 21st century: a bioecological approach*. Malden, MA: Wiley-Blackwell.
- Hrefna Friðriksdóttir og Guðný Eydal. (2010). Framfærsluskyldur foreldra Meðlagskerfi Norðurlanda sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/6708/18359/3/29-40_HrefnaFridriks-GudnyEydal_FELRADbok.pdf
- Jón Á. Kalmansson, Magnús D. Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir. (1997). *Fjölskyldan og réttlætið*. Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.
- Kalmijn, M. (2012). Long-term effects of divorce on parent–child relationships: Within-family comparisons of fathers and mothers. *European Sociological Review*, 29 (5). doi: 10.1093/esr/jcs066
- Kelly J.B. (2007). Children’s living arrangements following separation and divorce: Insights from empirical and clinical research. *Family Process*, 46(1), 35-52. Sótt af <http://users.wfu.edu/nielsen/kelly%20review%202007.pdf>

- Låftman, S.B., Bergström, M., Modin, B. og Östberg, V. (2014). Joint physical custody, turning to parents for emotional support, and subjective health: A study of adolescents in Stockholm. *Scandinavian Journal of Public Health*, Sweden, 42, 456–462.
- McLanahan, S., Tach, L. og Schneider, D. (2013). *The Causal Effects of Father Absence*, 399–427. doi:10.1146/annurev-soc-071312-145704
- Motataianu, I.R. (2015). The Relation between Anger and Emotional Synchronization in Children from Divorced Families. *Procedia - Social and Behavioral Sciences*, (203), 158–162. doi:10.1016/j.sbspro.2015.08.275
- Nation Master. (2011-2012). Skilnaðartíðni. Sótt af <http://www.nationmaster.com>
- Nævdal, F. og Thune, F. (2004). Residence arrangements and well-being: A study of Norwegian adolescents. Authors. doi: 10.1111/j. 1467 - 9450.2004.00418.x
- Ongider N. (2013). Effects of Divorce on Children. *Psikiyatride Guncel Yaklasimlar*, 1. júní 2013, 5(2), bls.140-161.
- Ragnar Þór Risten Friðjónsson. (2014). Staða og kjör einstæðra mæðra í háskólanámi eftir efnahagshrunið árið 2008 (Óútgefin Meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/20063/46002/1/Sta%C3%B0a_og_kj%C3%B6r_einst%C3%A6%C3%B0ra_m%C3%A6%C3%B0ra_%C3%AD_h%C3%A1sk%C3%B3lan%C3%A1mi_eftir_efnahagshruni%C3%B0_%C3%A1ri%C3%B0_2008.pdf
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar, Rannsókn um sameignlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað. Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Ingólfur V. Gíslason (ritstjóri). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnarsdóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl*. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2009). Samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (Ritstj.), Rannsóknir í félagsvísindum X, félagsráðgjafadeild og stjórn málafræðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009 (bls. 119-130). Sótt af http://skemman.is/en/stream/get/1946/7614/20222/1/F%C3%A9lagsr%C3%A1%C3%B0gjafardeild_og_stj%C3%B3rn%C3%A1lafr%C3%A6%C3%B0ideild_2009.pdf#page=119
- Spruijt, Ed. og Duindam, V. (2008). *Joint physical custody in the Netherlands & the well-being of children*. Sótt af <http://folk.uio.no/torkildl/divnet/Papers/Spruijt.pdf>
- Stewart, S.D. (2005). How the Birth of a Child Affects Involvement with Stepchildren. *Journal of Marriage and Family*, 67(2), 461-473.
- Suanet, B., Pas, S.V.D. og Tilburg, T.G.V. (2013). Who Is in the Stepfamily? Change in Stepparents' Family Boundaries Between 1992 and 2009. *Journal of Marriage and Family*, 75(5), 1070-1083.
- Valgerður Halldórsdóttir. (2012). *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaður og stjúp tengsl*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Wallerstein, J.S. og Kelly, J.B. (2008). *Surviving The Breakup: How Children And Parents Cope With Divorce*. Sótt af https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=QQgXBQAAQBAJ&oi=fnd&pg=PR1&ots=a1sRkrZxaB&sig=Mp10HNhS_BCtjlDEM0GQtCrbN5A&redir_esc=y#v=onepage&q&f=false
- Warming, H. (2011). Familieformer og skilsmisse – der er ikke noget bedre end at have den hele og rigtige familie b. *Børnerådet a børne - og ungepanel*. Sótt af <http://www.boerneraadet.dk/media/30354/Familieformer-og-skilsmisse-rapport.pdf>
- Weaver, Jennifer M.; Schofield, Thomas J. (2015). Mediation and moderation of divorce effects on children's behavior problems. *Journal of Family Psychology*, 29(1), bls. 39-48.

Weinraub, M og Wolf, B M. (1983). Effects of stress and social supports on mother-child interactions in single- and two-parent families. *Child Development*, 54(5),1297-1311.

William, F.V. (2003). Listening to children of divorce: New findings that diverge from Wallerstein, Lewis, and Blakeslee. *Family Relations*, 52(4), 385–396.